

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið.**
Dagsetning: **16.03.2016**
Málsnúmer: **FJR15080072**
Bréfalykill: **3.7**

Efni: Frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi.
Athugasemdir vegna umsagna sem efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
bárust ásamt breytingatillögum.

I. Inngangur.

Vísað er til tölvubréfs, dags. 25. febrúar 2016, þar sem efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis óskar eftir minnisblaði vegna umsagna sem nefndinni hafa borist um málið.

Alls bárust sjö umsagnir sem komu frá Neytendastofu, Fjármálaeftirlitinu, Laganefnd Lögmannafélags Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Seðlabanka Íslands og Viðskiptaráði Íslands.

II. Athugasemdir vegna ákvæða sem eru ekki byggð á tilskipun 2009/138/EB.

Í umsögnum Samtaka fjármálafyrirtækja, Viðskiptaráðs Íslands, Laganefndar Lögmannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins er farið yfir það að nokkur ákvæði frumvarpsins eigi ekki beina stöð í tilskipuninni.

Í umsögnum Samtaka fjármálafyrirtækja, Viðskiptaráðs Íslands, Laganefndar Lögmannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins er farið yfir það að nokkur ákvæði frumvarpsins eigi ekki beina stöð í tilskipuninni. Tilskipun 2009/138/EB tekur ekki til allra þátta í váttryggingastarfsemi og það eru því nokkur ákvæði í frumvarpinu sem byggja ekki á ákvæðum tilskipunarinnar. Þau ákvæði eru í núgildandi lögum og í frumvarpinu eru tekin upp þau ákvæði sem nauðsynlegt þykir að hafa um váttryggingastarfsemi. Frumvarpið byggir á tilskipuninni sem kveður á um fulla samræmingu innan aðildarríkja. Það þýðir þó ekki að Ísland hafi ekki heimild til þess að setja ákvæði í landsrétt sinn um atriði sem tilskipunin tekur ekki til. Slík ákvæði eru sett vegna ríkra efnahagslegra raka og almannahagsmuna. Hins vegar er ekki unnt að gera meiri kröfur í landsrétti en ákvæði tilskipunarinnar kveða á um. Í þessu sambandi er bent á að í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingi um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða var gerð athugasemd varðandi lög sem sett voru á grundvelli EES samningsins um að þau hafi verið sett án þess að nýttar hafi verið heimildir til að gera strangari kröfur til fjármálafyrirtækja og að ekki hafi verið hugað nægjanlega að séríslenskum aðstæðum, sjá bls. 22-23 í 5. bindi.

III. Athugasemdir við tiltekin ákvæði frumvarpsins og tillögur að lagabreytingum.

Skilgreining á hugtakinu móðurfélag.

FME bendir á að hugtakið móðurfélag í frumvarpinu sé ekki í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki. Ráðuneytið bendir á að skilgreining á hugtakinu móðurfélag í frumvarpinu er í samræmi við tilskipun 2009/138/EB og þykir eðli málsins samkvæmt eðlilegt að halda því samræmi.

4. og 5. gr. Mörk við aðra starfsemi og leyfileg hliðarstarfsemi.

FME leggur til að nýjum másl. verði bætt við 3. tölul. 5. gr. frumvarpsins til að áréttta takmörkun vegna 2. mgr. 4. gr.

Ráðuneytið fellst á tillögu FME um að bæta nýjum másl. við 3. tölul. 5. gr. sem verður þá svohljóðandi:

5. gr.

Leyfileg hliðarstarfsemi.

Vátryggingafélagi er heimilt að reka eftirfarandi hliðarstarfsemi:

1. Umboð fyrir vátryggingafélög sem leyfi hafa til að starfa hér á landi og fyrir önnur félög sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins eða annarra opinberra aðila.
2. Að byggja, eiga og reka fasteignir sem lið í fjárfestingu til ávöxtunar á fjármunum félagsins til lengri tíma samkvæmt reglum sem stjórn setur.
3. Að kaupa og selja skuldabréf og aðra fjármálagerninga og lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur. Ákvæði þetta tekur ekki til fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem fjárfest er í til ávöxtunar á fjármunum félagsins. **Fjárfestingar samkvæmt þessum tölul. takmarkast af ákvæði 2. mgr. 4. gr.**

3. mgr. 9. gr. Kröfur um góða viðskiptahætti.

SFF telur 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins vera of íþyngjandi fyrir vátryggingafélög og eigendur þeirra og telur eðlilegra og nægilegt að þessar upplýsingar séu birtar í ársskýrslu vátryggingafélaga. SFF leggur því til að 3. mgr. 9. gr. verð felld brott.

Ráðuneytið fellst á athugasemdir SFF og leggur til að 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins verði felld brott.

4. mgr. 10. gr. Eftirlit með viðskiptaháttum vátryggingafélaga.

Neytendastofa telur að eftirlit og ákvarðanir um það hvort viðskiptahættir séu lögmætir gagnvart neytendum séu valdsviði Neytendastofu og að þær reglur gangi frammar ákvæði 4. mgr. 10. gr. frumvarpsins ef upp koma álitamál varðandi samskipti og upplýsingagjöf til viðskiptavina.

Fjármálaeftirlitið, og Vátryggingaefitirlitið þar á undan, hefur haft eftirlit með viðskiptaháttum vátryggingafélaga allt frá setningu laga um vátryggingastarfsemi nr. 26/1973. Ákvæði þar að lútandi eru í öllum lögum um vátryggingastarfsemi frá þeim tíma. Ekki er hægt að ráða af lögum nr. 57/2005 og skýringum með þeim að til hafi staðið að færa eftirlit með viðskiptaháttum vátryggingafélaga frá Fjármálaeftirlitinu til Neytendastofu og var þetta hlutverk Fjármálaeftirlitsins enn á ný áréttað með lögum nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi.

Ákvæði laga nr. 57/2005 fjalla almennt um viðskiptahætti í „hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu“, líkt og það er orðað í 1. gr. laganna. Óumdeilt er að háttsemi vátryggingafélaga sem brjóta myndi gegn ákvæðum laganna myndi falla innan ramma þeirra. Hins vegar ber að hafa í huga að lög nr. 57/2005 fjalla almennt um þá þætti sem huga ber að við framleiðslu, verslun og þjónustu. Jafnvel þótt mörg ákvæðanna eigi þannig við um starfsemi vátryggingafélaga má telja að þau eigi betur við almennan verslunarrekstur en séu ekki nógu ítarleg eða skýr til þess að geta náð yfir þá sértæku þætti sem huga ber að við rekstur vátryggingafélaga og sölu vátrygginga. Í þessu sambandi skal það jafnframt haft hugfast að eðlismunur er á sölu vátrygginga annars vegar og almennum verslunarrekstri hins vegar, enda um eftirlitsskylda stafsemi að ræða.

Af umsögn Neytendastofu má ráða að gerðar séu athugasemdir við að reglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti vátryggingafélaga skuli kveða á um upplýsingagjöf til viðskiptavina. Sömu sjónarmið og að ofan eru rakin um muninn á almennum verslunarrekstri og sölu vátrygginga eiga hér við. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga skal Fjármálaeftirlitið m.a. fylgjast með því að upplýsingaskylda skv. II. kafla laganna sé fullnægt. Lög nr. 30/2004 eru sérlög um sölu

vátryggingarsamninga og ganga því framur almennum ákvæðum laga nr. 57/2005 um samskipti við viðskiptavini. Með vísan til framangreinds er mikilvægt að Fjármálaeftirlitið hafi heimild til setja nánari reglur þar sem m.a. er fjallað um upplýsingaskyldu gagnvart vátryggingatökum og vátryggingum.

Vátryggingafélög eru eftirlitsskyld og Fjármálaeftirlitið sinnir því eftirliti. Í því felst m.a. að eftirlitið fylgist grannt með allri starfsemi þeirra og er ekki fallist á það með Neytendastofu að viðskiptaháttaeftirlit falli þar utan. Hér koma aftur til sjónarmið um muninn á almennum verslunarrekstri og eftirlitsskyldri starfsemi á fjármálamarkaði.

Eftirlit með viðskiptaháttum vátryggingafélaga krefst sérþekkingar á starfsemi þeirra. Þá þekkingu, ásamt reynslu af slíku eftirliti, er nú þegar að finna hjá Fjármálaeftirlitinu. Það er mikilvægt að Fjármálaeftirlitið geti nýtt þá reynslu, neytendum á vátryggingamarkaði til hagsbóta, m.a. með því að hafa heimild til setningar reglna um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti vátryggingafélaga.

Fjármálaeftirlitið setti árið 2013 reglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Þegar Fjármálaeftirlitinu var veitt heimild til setningar þeirra reglna komu fram svipuð sjónarmið frá Neytendastofu og var afstaðan þá sú sama, þ.e. að eðlismunur sé á almennum verslunarrekstri og rekstri eftirlitsskyldrar starfsemi á fjármálamarkaði. Reglur á fjármálamarkaði hafa gefið góða raun í viðskiptaháttaeftirliti og er mikilvægt að hafa sambærilega reglusetningarheimild á vátryggingamarkaði.

Með vísan til alls framangreinds leggur ráðuneytið því til að 4. mgr. 10. gr. standi óbreytt.

1. og 2. mgr. 11. gr. Kynningarstarfsemi.

Neytendastofa gerir athugasemdir við 1. og 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins sem kveða m.a. á um að nafn vátryggingafélags skuli koma skýrt fram í öllu útsendu efni þess, þ. á m. vátryggingaskilmálum, vátryggingabeidnum, auglýsingum og öðru markaðsefni. Neytendastofa gerði sambærilegar athugasemdir þegar lög nr. 56/2010 voru sett.

Fallast má á með Neytendastofu að svipað ákvæði hafi verið í lögum um vátryggingastarfsemi allt frá því lög nr. 50/1978 um vátryggingastarfsemi voru sett. Þess er hins vegar ekki getið að af óútskýrðum ástæðum var texti er laut að þessu ekki hafður með þegar lög um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994 voru sett en slíkum ákvæðum var bætt við lögin nokkru seinna. Til stóð að sleppa ákvæði, sambærilegu 2. mgr. 11. gr. núverandi frumvarps, þegar lög nr. 56/2010 voru sett en Fjármálaeftirlitið mótmælti því og benti á að sambærilegt ákvæði hefði verið mikilvægt þegar Tryggingamiðstöðin hf. hóf sölu vátrygginga undir vörumerkinu Elísabet án þess að tilgreina hver raunverulegur vátryggjandi væri. Sú staða olli því að fjöldi neytenda taldi að Elísabet væri sjálfstætt vátryggingafélag. Fjármálaeftirlitið brást við þeirri stöðu m.a. með því að vísa til ákvæða um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti á fjármálamarkaði.

Skortur á beinum fyrirmælum til vátryggingafélaga um að nöfn þeirra komi fram í öllu efni sem frá þeim stafar getur valdið misskilningi um það hver raunverulegur vátryggjandi er. Þá er skortur á ákvæði um takmörkun vátryggingahugtaksins í heiti fyrirtækja til þess fallinn að auðvelda svik gagnvart neytendum ásamt því að valda misskilningi um fjölda vátryggingafélaga á markaði. Það er því mikilvægt að hafa slík ákvæði í lögum um vátryggingastarfsemi.

Eðlismunur er á almennum verslunarrekstri og rekstri eftirlitsskyldrar starfsemi á fjármálamarkaði. Þó 10. gr. laga nr. 57/2005 kunni að vera vel til þess fallin að tryggja hagsmuni neytenda almennrar verslunarþjónustu er hægt að líta svo á að ákvæðið sé ekki nógu skýrt til að tryggja hagsmuni neytenda á vátryggingamarkaði. Í því sambandi má t.d. benda á að orðalag 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005 nær aðeins yfir auglýsingar og álíka efni. Þá má benda á að ákvæðið gerir ráð fyrir að ákvæðinu sé beitt „eftir því sem við á“.

Samkvæmt framanrituðu fellst ráðuneytið ekki á sjónarmið Neytendastofu hvað 1. og 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins varðar og leggur til að ákvæðið verði óbreytt að þessu leyti.

Til skýrleika leggur ráðuneytið til að orðalag 1. másl. 1. mgr. 11. gr. verði óbreytt frá 7. gr. núgildandi laga og verði svohljóðandi:

11. gr.
Kynningarstarfsemi.

Aðrir en þeir sem leyfi hafa til váttryggingastarfsemi mega ekki bera heiti sem bendir til eða gefur í skyn að þar sé rekin váttryggingastarfsemi og láta nokkuð frá sér fara opinberlega, í prentuðu máli eða á annan hátt, sem skilja má á þann veg að félagið reki váttryggingastarfsemi.

21. gr. Starfsleyfi í líf- og heilsutryggingum.

SFF telur að breyta eigi 1. másl. 1. mgr. 21. gr. þannig að orðunum "auk tengdra slysa- og sjúkratrygginga" sé bætt við. Það sé óhjákvæmileg breyting þar sem skv. 1. mgr. 72. gr. sé heimilt að veita líftryggingafélagi starfsleyfi í slysa- og sjúkratryggingum.

Ráðuneytið telur óþarfa að bæta við orðunum "auk tengdra slysa- og sjúkratrygginga" þar sem þær tryggingar falla undir 20. gr. og líftryggingafélagi er veitt heimild til að fá starfsleyfi á þeim grundvelli skv. 1. mgr. 72. gr.

24. gr. Áætlun um starfsemi í váttryggingafélags.

SFF telur vera ranga hugtaksnotkun í 5. tölul. 24. gr. og að þar sé átt við lágmarksfjármagn í stað gjaldþolskröfu.

Ráðuneytið bendir á að 5. tölul. 24. gr. byggist á b-lið 2. mgr. 23. gr. tilskipunar 2009/138/EB og að orðalag er rétt.

29. gr. Eftirlitsferlið.

Í a-lið 4. mgr. 29. gr. á að vísa til stjórnkerfis í stað stjórnháttá. Ráðuneytið leggur því til að a-liður verði svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið skal sér í lagi meta og hafa eftirlit með hvernig váttryggingafélög fullnægja:

a. kröfum til **stjórnkerfis**, þar á meðal um eigin áhættu- og gjaldþolsmat, skv. VIII. kafla,

30. gr. Gagnsæi og birting upplýsinga.

Ráðuneytið fellst á athugasemd FME um ranga tilvísun í 2. tölul. Auk þess er ofaukið "r" í "þessarar" í 3. tölul. 2. Lagt er til að 3. tölul. 30. gr. verði svohljóðandi:

30. gr.

Gagnsæi og birting upplýsinga.

Fjármálaeftirlitið skal haga störfum sínum á gagnsæjan og ábyrgan hátt að virtri þagnarskyldu um trúnaðarupplýsingar.

Fjármálaeftirlitið skal hafa eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar á vef sínum:

1. Lög, reglugerðir, reglur, ákvarðanir og aðrar réttarheimildir og leiðbeiningar sem varða váttryggingastarfsemi.

2. Viðmið og matsaðferðir sem eru lagðar til grundvallar við mat Fjármálaeftirlitsins, þ.m.t. mat skv. 6. mgr. 29. gr.

3. Samantekt um framkvæmd laga þessara.

33. gr. Eftirlit með útvistaðri starfsemi.

SFF leggur til breytingu á orðalagi í 1. tölul. 1. mgr. 33. gr. þar sem réttara sé að tala um að þjónustuaðili starfi með FME í stað þess að hafa orðið samstarf.

Ráðuneytið fellst á fyrri tillögu SFF um breytingu á 1. tölul. 33. gr. Seinni tillagan bætir ekki neinu við málgreinina og er því óþörf. Lagt er til að 1. tölul. 1. mgr. 33. gr. verði svohljóðandi:

33. gr.

Eftirlit með útvistaðri starfsemi.

Váttryggingafélag sem útvistar starfssviði eða hluta af váttryggingastarfsemi sinni skal tryggja að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

1. **Þjónustuaðilinn starfi með Fjármálaeftirlitinu vegna útvistaðrar starfsemi.**

2. Váttryggingafélagið, endurskoðandi þess og Fjármálaeftirlitið hafi greiðan aðgang að gögnum sem tengjast hinni útvistuðu starfsemi.

3. Fjármálaeftirlitið hafi greiðan og nýtilegan aðgang að starfsstöð þjónustuaðilans.

42. gr. Krafa um að meirihluti stjórnarmanna skuli vera óháður félögum innan sömu samstæðu.

SFF leggur til að lokamálsli. 3. mgr. 42. gr. um að meirihluti stjórnarmanna skuli ávallt vera óháður félögum innan sömu félagasamstæðu verði felldur brott.

Ráðuneytið leggst gegn því að fella út lokamálslið 3. mgr. 42 um óhæði. Ítarleg umfjöllun um þennan málsli. er í athugasemdum með frumvarpinu.

44. gr. Áhættustýring.

SFF leggur til breytingu á 1. mgr. 44. gr. sem það telur að sé skýrari og nái betur að endurspeglar merkingu ákvæðisins í tilskipuninni.

Ráðuneytið fellst á þessar athugasemdir leggur til til breytingu. Til að samræmis sé gætt við 39. gr. frumvarpsins þar sem stjórn váttryggingafélags er ætlað að setja skriflega stefnu um áhættustýringu er einnig lögð til breyting á 4. mgr. 44. gr. Tillagan er svohljóðandi:

44. gr.

Áhættustýring.

Í váttryggingafélagi skal vera skilvirkt kerfi áhættustýringar sem tekur til stefnu, vinnslu og aðferða við upplýsingagjöf sem nauðsynlegt er til að greina, mæla, stjórna og hafa eftirlit með og tilkynna stöðugt um yfirvofandi áhættursem geta haft áhrif á starfsemi félagsins og vixltengsl á milli þeirra.

Váttryggingafélag skal skipuleggja starfssvið áhættustýringar með þeim hætti að það nái markmiðum sínum.

Áhættustýring skal vera skilvirk og vel samþætt skipulagi og ákvarðanatöku váttryggingafélags og höfð að leiðarljósi í starfi stjórnar, forstjóra og þeirra sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum félagsins.

Áhættustýring skal ná yfir þá áhættuþætti sem notaðir eru í útreikningi á gjaldþolskröfu skv. 97. gr. sem og áhættuþætti sem ekki eru að öllu leyti hluti af þeim útreikningum.

Áhættustýring skal hið minnsta taka til eftirfarandi þátta:

- a. áhættutöku vegna sölu váttrygginga og meðhöndlunar tjóna,
- b. eigna- og skuldastýringar,
- c. fjárfestingaráhættu, sérstaklega afleiðna,
- d. lausafjárahættu og samþjöppunaráhættu,
- e. rekstraráhættu,
- f. endurtrygginga og annarra áhættuvarna.

Í stefnu stjórnar um áhættustýringu skv. 39. gr. skal fjallað um hvern áhættuþátt skv. 5. mgr.

Váttryggingafélag skal sýna fram á að fjárfestingaráhætta þess sé í samræmi við lög þessi. Noti váttryggingafélag lánshæfismat lánshæfismatsstofnunar við útreikning á váttryggingaskuld og gjaldþolskröfu skal það vera hluti af áhættustýringu félagsins að meta hvort lánshæfismatið eigi við með því að nota aðrar aðferðir við matið verði því við komið í því skyni að draga úr sjálfvirkum áhrifum utanaðkomandi mats.

Fjármálaeftirlitið setur reglur um aðferðir sem fylgja skal við mat á lánshæfismati utanaðkomandi aðila, svo sem lánshæfismatsstofnana, sem byggjast á tæknilegum framkvæmdastöðlum Evrópsku váttrygginga- og lífeyrifeftirlitsstofnunarinnar.

Noti váttryggingafélag eigin líkan að fullu eða að hluta sem Fjármálaeftirlitið hefur samþykkt skal áhættustýringin:

- a. hanna eigið líkan og innleiða það,
- b. prófa og sannreyna líkanið,
- c. skrá upplýsingar um líkanið og allar breytingar á því,
- d. greina líkanið og virkni þess og gefa skýrslu um það,
- e. upplýsa stjórn félagsins um virkni líkansins, gera tillögur um umbætur og upplýsa um breytingar sem gerðar eru á líkaninu til að bæta þá veikleika sem fram hafa komið.

45. gr. Eigið áhættu- og gjaldþolsmat.

FME telur að það skorti í 2. tölul. 1. mgr. 45. gr. að geta þess að jafnframt beri í áhættu- og gjaldþolsmati að gera grein fyrir hvernig kröfum til váttryggingaskuldar verði fullnægt. Ráðuneytið fellst á athugasemd FME og leggur til að 2. tölul. 1. mgr. 2. tölul. verði svohljóðandi:

45. gr.

Eigið áhættu- og gjaldþolsmat.

Hluti af áhættustýringu hvers váttryggingafélags skal vera að gera eigið áhættu- og gjaldþolsmat um eftirfarandi atriði:

1. Heildargjaldþolsþörf félagsins þar sem tekið er tillit til áhættusniðs, samþykktar þolmarka og stefnu félagsins. Váttryggingafélag skal hafa til staðar ferla sem taka mið af eðli, umfangi og margbreytileika þeirrar áhættu sem tengist starfseminni og gera félaginu kleift að greina og meta með fullnægjandi hætti þá áhættuþætti sem geta orðið virkir til lengri eða skemmri tíma. Félagið skal lýsa þeim ferlum og aðferðum sem það notar við mat sitt.

2. **Hvernig gjaldþolskröfum, kröfum um lágmarksfjármagn og kröfum til váttryggingaskuldar verður fullnægt.**

51. gr. Kaupaukar og starfslokasamningar.

SFF telur ákvæði um kaupauka og starfslokasamninga vera íþyngjandi ákvæði sem eigi að fella úr frumvarpinu.

Takmörkun á kaupauka var sett í frumvarpið að fyrirmynd takmörkunar kaupauka í lögum um fjármálafyrteki, nr. 161/2002, sem sett voru síðasta vor. Takmörkun kaupauka í lögum nr. 161/2002 var sett að frumkvæði efnahags- og viðskiptanefndar án þess að slík takmörkun væri í tilskipun 2013/36/ESB sem frumvarp til laganna var byggt á. Ráðuneytið telur eðlilegt að sama takmörkun á kaupauka sé hjá váttryggingafélögum.

53. gr. Ársreikningar.

SFF telur að valdheimildir FME skv. 3. mgr. 53. gr. séu leifar af gömlu lagaumhverfi sem sé ekki lengur til staðar og að fella eigi ákvæðið brott.

Ráðuneytið tekur undir með SFF að heimildir FME í 3. mgr. 53. gr. séu leifar af gömlu lagaumhverfi og leggur til að 3. mgr. verði breytt á eftirfarandi hátt:

53. gr.

Ársreikningar.

Reikningsár váttryggingafélags er almanaksárið. Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu váttryggingafélags og skal saminn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, sbr. VIII. kafla laga um ársreikninga.

Ársreikningur ásamt skýrslu stjórnar skal vera aðgengilegur almenningi, t.d. á vef félagsins.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að upplýsingar, sem eru ekki staðlaðar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, séu settar fram með samræmdum hætti.

55. gr. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu. Undanþáguákvæði.

Ráðuneytið tekur undir með SFF og Laganefnd L.M.F.Í um að breyta orðalagi 2. og 3. mgr. 55. gr. ásamt fyrirsögn. Lagt er til að greinin verði svohljóðandi:

55. gr.

Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu. Undanþáguákvæði og tilvísun til opinberrar birtingar upplýsinga.

Fjármálaeftirlitið getur veitt váttryggingafélagi undanþágu frá því að birta upplýsingar í skýrslu skv. 54. gr. ef samkeppniaðilar mundu hafa óréttmætan ávinning af birtingu þeirra eða félagið er með skuldbindingar gagnvart váttryggingartökum eða öðrum mótaðilum sem varða leynd og trúnað. Váttryggingafélag þarf að greina ástæðu undanþágunnar í skýrslunni.

Váttryggingafélag hefur heimild til að nota eða vísa til opinberrar birtingar upplýsinga sem birtar eru á grundvelli lagaskyldu að því gefnu að þær upplýsingar jafngildi lágmarkskröfum skv. 1. mgr. 54. gr.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um birtingu upplýsinga skv. 5. tölul. 1. mgr. 54. gr.

61. gr. Viðmið.

SFF og Laganefnd L.M.F.Í telja að viðmið sem eru sett skv. 5. tölul. 61. gr. samræmist ekki tilskipun. Viðmið skv. 5. tölul. er hluti af því að meta önnur viðmið t.d. skiptir stærð hlutar máli þegar fjárhagsstaða hugsanlegs eiganda er metin. Í ákvæðinu eru tiltekin viðmið en ekki eru sett skilyrði. Ráðuneytið telur slík ákvæði ekki fara í bága við ákvæði tilskipunarinnar og fellst því ekki á athugasemdirnar.

64. gr. Tilkynning um eigendaskipti.

SFF telur síðasta málsl. 64. gr. ekki hafa stöð í tilskipuninni og hún sé íþyngjandi fyrir eiganda virks eignarhluts. Betur fari á því að félagið sjálft hafi yfirsýn yfir rýrnun eignarhlutar eða atkvæðisréttar og leggur SFF til að málsliðurinn verði felldur brott og að gerði verði breyting á 65. gr. vegna þessa. Málsliðurinn er í núgildandi lögum. Sambærileg tilkynningarskylda hvílir á eiganda virks eignarhlutar skv. 47. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Ráðuneytið telur eðlilegt að hafa samræmi á milli þeirra laga og frumvarpsins og leggur til að málsliðurinn verði óbreyttur.

68. gr. Ráðstafanir tengdar virkum eignarhlut.

Laganefnd L.M.F.Í telur að ákvæðið eigi sér ekki stöð í 1. mgr. 62. gr. tilskipunarinnar sem það byggist á. Ráðuneytið leggur til nýtt orðalag í 1. mgr. 68. gr. og eru tekin upp þau dæmi sem koma fram í 62. gr. tilskipunarinnar. Vegna þeirrar breytingar leggur ráðuneytið einnig til breytingu á 3. mgr. Tillagan er svohljóðandi:

68. gr.

Ráðstafanir tengdar virkum eignarhlut.

Sé aðila sem á virkan eignarhlut í váttryggingafélagi svo farið eða fari hann þannig með hlut sinn að það skaði heilbrigðan og traustan rekstur þess að mati Fjármálaeftirlitsins skal það grípa til viðeigandi ráðstafana til að varna því. Viðeigandi ráðstafanir geta m.a. falist í að ákveða að hlut fylgi ekki atkvæðisréttur, að leggja fyrir hlutadeigandi váttryggingafélag að grípa til ráðstafana sem draga úr skaðlegum áhrifum hluthafans, s.s. lögbann, eða að leggja fyrir stjórn hlutadeigandi váttryggingafélags að boða til hluthafafundar þar sem háttsemi hluthafans skal tekin fyrir. Skal fulltrúa Fjármálaeftirlitsins heimilt að sækja fundinn og taka þar til máls.

Við mat á því hvort gripið skuli til ráðstafana skv. 1. mgr. skal m.a. höfð hliðsjón af þeim atriðum sem greinir í 61. gr. Að auki skal höfð sérstök hliðsjón af því hvort staða eða háttsemi viðkomandi aðila sé til þess fallin að rýra traust almennings á hlutadeigandi váttryggingafélagi verði hún opinber.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa í senn til fleiri en einnar af þeim ráðstöfunum sem **gripið er til skv. 1. mgr.**

Telji Fjármálaeftirlitið að nán tengsl hindri eftirlit með starfsemi váttryggingafélags skal það fara fram á að tengslin verði strax rofin, nema það telji aðrar ráðstafanir fullnægjandi

70. gr. Endurskoðun.

SFF telur að ákvæðið sé ekki í samræmi við tilskipun 2009/138 /EB og að það sé of íþyngjandi. Ákvæðið um takmörkun á þeim tíma sem endurskoðandi getur starfað fyrir váttryggingafélag var sett með núgildandi lögum. Í athugasemd með ákvæðinu er vísað til laga nr. 79/2008, um endurskoðendur, þar sem tilgreint er að starfstími endurskoðanda megi ekki vera umfram sjö ár og að ástæða þyki til að hafa skemmri tíma fyrir starfstíma endurskoðanda váttryggingafélaga. Ákvæðið var sett í kjölfar fjármálahrunsins á Íslandi og þótti þá ástæða til að hafa skemmri tímamörk á starfstíma endurskoðanda fyrir váttryggingafélag til að gæta ítrustu varkárni í starfsemi váttryggingafélaga. Ákvæði laga um endurskoðendur hafa ekki breyst og þykir ástæða til að hafa núgildandi tímamörk óbreytt. Ráðuneytið fellst því ekki á tillögu SFF um að lengja ráðningartímabil endurskoðanda fyrir váttryggingafélög.

76. gr. Útreikningur á váttryggingaskuld.

FME telur að hugtakið útgjöld geti verið misvísandi í 4. mgr. 76. gr. og leggur til breytingu á ákvæðinu. Ráðuneytið fellst á athugasemd FME og leggur til að ákvæðið verði svohljóðandi:

76. gr.

Útreikningur á váttryggingaskuld.

Váttryggingaskuld skal vera samtala besta mats á skuldbindingum og áhættuálagi.

Besta mat skuldbindinga er meðaltal framtíðarfjárstreymis vegið með líkindum að teknu tilliti til áhrifa tímasetninga greiðslna með viðeigandi áhættulausum vaxtaferli.

Útreikningur á besta mati skuldbindinga skal vera byggður á nýjum og áreiðanlegum upplýsingum, raunsæjum forsendum og viðeigandi tryggingastærðfræðilegum og tölfraðilegum aðferðum.

Áætlun um fjárstreymi sem notuð er við útreikning á besta mati skuldbindinga skal taka mið af öllum inn- og útborgunum sem leiðir af uppgjöri skuldbindinga vegna váttryggingarsamninga.

Besta mat váttryggingaskuldar skal reikna án endurheimtanlegra fjárhæða vegna endurtryggingarsamninga og samninga við félög með sérstakan tilgang. Áhrif slíkra samninga skal reikna sérstaklega skv. 82. gr.

82. gr. Kröfur vegna samninga við endurtryggjendur og félög með sérstakan tilgang.

Ráðuneytið fellst á athugasemd FME um ranga tilvísun og leggur til eftirfarandi breytingu á 1. mgr.:

82. gr.

Kröfur vegna samninga við endurtryggjendur og félög með sérstakan tilgang.

Mat váttryggingafélags á kröfum vegna samninga við endurtryggjendur og félög með sérstakan tilgang skal vera í samræmi við ákvæði 75.–81. gr.

86. gr. Hækkun váttryggingaskuldar.

Ráðuneytið fellst á athugasemd FME um ranga tilvísun og leggur til eftirfarandi breytingu:

86. gr.

Hækkun váttryggingaskuldar.

Uppfylli mat váttryggingafélags á váttryggingaskuld þess ekki ákvæði 75.–84. gr. getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að það hækki váttryggingaskuldina svo skilyrðin verði uppfyllt.

90. gr. Stuðningsgjaldþol.

FME leggur til breytingu á 3. mgr. 90. gr. frumvarpsins sem það telur gera strangari kröfu en kemur fram í tilskipuninni.

Ráðuneytið fellst á athugasemd FME og leggur til að 3. mgr. verði svohljóðandi:

90. gr.

Stuðningsgjaldþol.

Til stuðningsgjaldþols teljast liðir, aðrir en kjarnagjaldþolsliðir, sem nýst geta til að mæta tapi.

Eftirtaldir liðir geta talist til stuðningsgjaldþols fullnægi þeir ekki kröfum um að teljast til kjarnagjaldþols:

- a. óinnborgað hlutafé,
- b. loforð um lánveitingu og ábyrgðir,
- c. aðrar lagalega bindandi kröfur sem eru í eigu váttryggingafélags.

Hafi stuðningsgjaldþolsliður verið greiddur eða innkallaður telst hann til eignar og er þá ekki lengur hluti stuðningsgjaldþols félagsins.

Fjárhæð stuðningsgjaldþolsliðar er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins.

91. gr. Flokkun gjaldþols og einkenni.

Ráðuneytið leggur til að 2. og 3. mgr. 91. gr. verði sameinaðar til að ná fram lagaáhrifum tilvísunar í 92. gr. Ákvæðið verði þá svohljóðandi:

Við mat á því hvort gjaldþolsliðir hafi eða muni hafa einkenni skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. skal taka tillit til gildistíma og þá sér í lagi hvort gjaldþolsliðurinn sé afmarkaður við tiltekna lokadagsetningu. Hafi gjaldþolsliður afmarkaðan gildistíma skal litið til þess hvort gildistími hans sé í samræmi við gildistíma váttryggingaskuldbindinga.

92. gr. Meginkilyrði flokkunar í gjaldþolsþætti.

Ráðuneytið leggur til að orðunum "í meginatriðum" verði bætt í 1. - 3. mgr. 92. gr. til að ákvæðið verði að fullu í samræmi við 94. gr. tilskipunarinnar. Ákvæðið verði þá svohljóðandi:

92. gr.

Meginkilyrði flokkunar í gjaldþolsþætti.

Kjarngjaldþolsliðir flokkast í gjaldþolsþátt 1 þegar þeir hafa í meginatriðum einkenni skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 91. gr. að teknu tilliti til þeirra eiginleika sem tilgreindir eru í 2. mgr. 91. gr.

Kjarngjaldþolsliðir flokkast í gjaldþolsþátt 2 þegar þeir hafa í meginatriðum einkenni skv. 2. tölul. 1. mgr. 91. gr. að teknu tilliti til þeirra eiginleika sem nefndir eru í 2. mgr. 91. gr.

Stuðningsgjaldþolsliðir flokkast í gjaldþolsþátt 2 þegar þeir hafa í meginatriðum einkenni skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 91. gr. að teknu tilliti til þeirra eiginleika sem nefndir eru í 2. mgr. 91. gr.

94. gr. Mörk gjaldþolsþátta.

SFF telur 94. gr. frumvarpsins ekki vera að fullu í samræmi við ákvæði 98. gr. tilskipunarinnar. Ráðuneytið leggur til breytingar á 94. gr. vegna athugasemda SFF. Lagt er til að greinin verði svohljóðandi:

94. gr.

Mörk gjaldþolsþátta.

Hæfir gjaldþolsliðir til að mæta gjaldþolskröfu skv. 96. gr. skulu vera samtala gjaldþolsþátta 1–3.

Hæfir gjaldþolsliðir til að mæta lágmarksfjármagni skv. 111. gr. skulu vera samtala gjaldþolsþáttar 1 og 2.

95. gr. Reglugerð.

Ráðuneytið leggur til að 8. tölul. 95. gr. verði felldur niður þar sem um tvítekningu er að ræða á 6. tölul.

103. gr. Reglugerð.

FME vekur athygli á því að í 2. mgr. 103. gr. er gert ráð fyrir að FME setji reglur um eigin störf. Ráðuneytið leggur til að 2. mgr. verði svohljóðandi:

103. gr.

Reglugerð.

Ráðherra setur reglugerð sem tilgreinir nánar eftirfarandi atriði varðandi útreikning á gjaldþolskröfu með staðalreglu:

1. Uppbyggingu staðalreglunnar.
2. Undiráhættueiningar sem eru nauðsynlegar til að útfæra nánar þær áhættueiningar sem tilgreindar eru í 1. mgr. 100. gr. auk þess hvernig staðið skuli að uppfærslu á útreikningi áhættueininga og undiráhættueininga.
3. Aðferðir, forsendur og staðalstika sem notaðir eru við útreikning á hverri áhættueiningu og undiráhættueiningu í grunngjaldþolskröfu.
4. Stika sem lýsa fylgni á milli áhættuþátta og verklag við uppfærslu þeirra.
5. Aðferðir og forsendur sem notaðar eru til að meta breytingar á áhættusniði váttrygginga-félags þegar áhættuvarnir eru notaðar og hvaða áhrif það hefur á gjaldþolskröfu.
6. Aðferðir og stika sem notaðir eru til að meta mótaðilaáhættu vegna áhættuskuldbindinga gagnvart viðurkenndum miðlægum mótaðilum.
7. Aðferðir og stika sem notaðir eru við mat á gjaldþolskröfu vegna rekstraráhættu.
8. Aðferðir og aðlaganir sem nota skal til að endurspegla takmarkaða möguleika váttryggingafélags til áhættudreifingar með tilliti til varinna sjóða.
9. Aðferð sem nota skal til að reikna út aðlögun gjaldþolskröfu sem myndast af völdum svigrúms í váttryggingaskuld eða vegna frestaðra skatta til að draga úr tapi.
10. Stika í áhættueiningum staðalreglu vegna líftryggingaráhættu, heilsutryggingaráhættu og skaðatryggingaráhættu sem skipta má út fyrir eigin stika váttryggingafélags skv. 3. mgr. 100. gr.

11. Staðlaðar aðferðir sem váttryggingafélag á að nota til að reikna út eigin stika skv. 10. tölul. og þau skilyrði sem Fjármálaeftirlitið skal setja um að gögn notuð við útreikninga séu fullnægjandi, nákvæm og viðeigandi áður en samþykki um notkun þeirra er gefið.
12. Einfaldaða útreikninga sem nota má á tiltekna áhættueiningar og undiráhættueiningar, auk þeirra skilyrða sem váttryggingafélög, þar á meðal bundin váttryggingafélög, skulu uppfylla til að fá heimild til að nota slíkar einfaldanir.
13. Aðferðir sem notaðar eru við mat á tengdum félögum, sér í lagi þegar gjaldþolskrafa vegna hlutabréfaáhættu sem er undireining markaðsáhættu er reiknuð. Taka skal tillit til líkinda á minna flökti í virði slíkra tengdra félaga sem stafa af stefnumarkandi eðli þessara fjárfestinga og þeirra áhrifa sem váttryggingafélagið getur haft á rekstur hins tengda félags.
14. Hvernig nota eigi mat utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar (ECAI) við útreikning gjaldþolskröfu samkvæmt staðalreglu og hvernig matið er yfirfært á kvarða sem gefur til kynna lánshæfisþrep.

Ráðherra setur reglugerð um ferli sem skal fylgja við samþykkt eigin stika váttryggingafélags sem byggjast á tæknilegum framkvæmdastöðlum Evrópsku váttrygginga- og lífeyrirstofnunarinnar.

117. gr. Ráðstafanir ef váttryggingafélag fullnægir ekki gjaldþolskröfu.

Ráðuneytið bendir á innsláttarvillu í b-lið 5. mgr. 117. gr. Þar stendur "lága vexta" en á að vera "lágir vextir".

122. gr. Afturköllun starfsleyfis.

Ráðuneytið leggur til að bæta málsgrein við 122. gr. sem fjallar um tilkynningu og birtingu afturköllunar þannig að Fjármálaeftirlitið beri ábyrgð á því að tilkynna og birta ákvörðun um afturköllun starfsleyfis. Tillagan er svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna stjórn váttryggingafélags um afturköllun starfsleyfis, birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði og auglýsa í fjölmiðlum.

1. mgr. 150. gr. Ákvörðun um slitameðferð.

Laganefnd telur að um grundvallarbreytingu sé að ræða í frumvarpinu frá nügildandi lagaskipan sem feli í sér að dómstólar kveði á um slitameðferð váttryggingafélags.

Samkvæmt 91. gr. gildandi laga skipar Fjármálaeftirlitið þriggja manna skilastjórn fyrir váttryggingafélag sé starfsleyfi þess afturkallað. Sama skipan er lögð til samkvæmt frumvarpinu, sbr. 152. gr. Skv. 153. gr. frumvarpsins skal Fjármálaeftirlitið í samráði við slitastjórn taka ákvörðun um hvort óska skuli gjaldþrotaskipta á félaginu. Komi til þess er slíkur úrskurður kveðinn upp af dómstólum.

Ráðuneytið bendir á að það er því hvorki um breytingu að ræða í frumvarpinu frá gildandi lögum á slitameðferðinni né gerð breyting á því að FME geri kröfu um gjaldþrotaskipti hjá váttryggingafélagi.

151. gr. Skilyrði og upphaf slitameðferðar.

Laganefnd telur að gæta beri samræmis við ákvæði laga nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki, og að sömu grundvallarreglur eigi við um slitameðferð váttryggingafélaga og gilda um slitameðferð fjármálfyrirtækja. Ákvæði 151. gr. eru lögð til í frumvarpinu til að skýra betur hvenær slitameðferð hefst. Að öðru leyti gildir sama fyrirkomulag og kveðið er á um í nügildandi lögum um slitameðferð. Þar sem þessi þótti þurfa var ákvæðum breytt svo þau væru til samræmis við tilskipunina. Ekki þótti heppilegt að breyta skipulagi slitameðferðar váttryggingafélags til samræmis við skipulag slitameðferðar hjá fjármálfyrirtækjum að þessu sinni enda standa fyrir dyrum viðamiklar breytingar á því regluverki. Vænta má þess að Evrópusambandið muni gera breytingar á reglum um slit váttryggingafélaga og að slíkar reglur verði teknar upp í EES-samninginn. Með vísan til þess metur ráðuneytið það þannig að heppilegra sé að hafa reglur um slitameðferð óbreyttar að sinni.

Til að auka skýrleika og ítarleika ákvæðisins leggur ráðuneytið til að það verði svohljóðandi:

151. gr.

Skilyrði og upphaf slitameðferðar.

Fjármálaeftirlitið hefur heimild til að taka ákvörðun um upphaf slitameðferðar:

1. Hafi það afturkallað starfsleyfi váttryggingafélagsins.
2. Samkvæmt ósk stjórnar félagsins ef skylt er að slíta því samkvæmt samþykktum þess.
3. Samkvæmt ósk stjórnar félagsins ef það getur ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga og ekki verður talið sennilegt að greiðsluöryggleikar þess muni líða hjá innan skamms tíma.
4. Samkvæmt ósk stjórnar félagsins og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins ef ákveðið hefur verið að slíta því á hluthafafundi enda hafi tillaga um slit verið samþykkt þar með minnst 2/3 hlutum greiddra atkvæða og af hluthöfum sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutfjár sem farið var með atkvæði fyrir á fundi.

Hafi Fjármálaeftirlitið tekið ákvörðun um að hefja slitameðferð váttryggingafélags, sbr. 150. gr., skal starfsleyfi þess afturkallað í samræmi við ákvæði 122. gr.

158. gr. Tilkynning til þekkttra kröfuhafa.

Til að auka skýrleika og ítarleika ákvæðisins leggur ráðuneytið til að það verði svohljóðandi:

158. gr.

Upplýsingagjöf til þekkttra kröfuhafa.

Slitastjórn skal tilkynna öllum þekktum kröfuhöfum um slitameðferð váttryggingafélags.

Í tilkynningunni skal lýsa eftir kröfum á félagið eða veita tækifæri til þess að koma að athugasemdum við kröfur, gera grein fyrir tímafrestum til að koma kröfum á framfæri eða gera athugasemdir og hvort eða hverjar afleiðingar það hafi að tímafrestit séu ekki virtir. Í tilkynningu skal einnig koma fram hvaða aðili hefur umboð til að taka við kröfum eða athugasemdum um þær og tilteknaðar aðrar ráðstafanir sem um kann að vera að ræða. Þá skal koma fram í tilkynningunni hvort kröfuhafar sem eiga forgangskröfur eða njóta veðréttar þurfi að lýsa kröfum sínum.

Fyrirsögn tilkynningar skv. 1. mgr. skal bera með sér að um sé að ræða innköllun eða boð um gera athugasemdir við kröfu og að virða þurfi tímafresti og skal vera á öllum opinberum tungumálum aðildarríkja. Tilkynning til kröfuhafa sem á lögheimili í öðru aðildarríki eða hefur þar fasta búsetu eða höfuðstöðvar skal vera á opinberu tungumáli þess ríkis eða einu af opinberu tungumálum þess ríkis.

Um tilkynningu til aðila sem byggja rétt sinn á váttryggingarsamningi fer skv. 2. og 3. mgr. eftir því sem við á og skal vera á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum þess aðildarríkis þar sem viðkomandi á lögheimili eða hefur fasta búsetu eða höfuðstöðvar.

159. gr. Kröfulýsingar frá kröfuhöfum í öðrum aðildarríkjum.

Til að auka skýrleika og ítarleika ákvæðisins leggur ráðuneytið til að það verði svohljóðandi:

159. gr.

Kröfulýsingar og athugasemdir við kröfur.

Í kröfulýsingu eða athugasemdum sem byggir á 158. gr. skal tilgreina:

1. eðli og fjárhæð kröfu,
2. stofndag kröfu,
3. hvort krafa eigi að njóta forgangs, hafi veðrétt eða eignarréttarfyrirvara,
4. veðandlag kröfu, ef við á.

Kröfuhafi sem á lögheimili eða hefur fasta búsetu eða höfuðstöðvar í öðru aðildarríki skal heimilt að leggja fram kröfulýsingu eða athugasemdir við kröfu á opinberu tungumáli þess ríkis eða einu af opinberum tungumálum þess ríkis. Fyrirsögn kröfulýsingar eða skjals sem hefur að geyma athugasemdir um kröfur skal þó vera á íslensku.

Aðilar sem byggja rétt sinn á váttryggingarsamningi þurfa ekki að gera grein fyrir réttshæð þeirra krafna.

161. gr. Slitameðferð váttryggingafélags.

Tillaga SFF um að hafa ákvæði um sérstaka skrá í 75. gr. um váttryggingaskuld þykir óheppileg.

Ráðuneytið leggur til að 161. gr. verði óbreytt að þessu leyti. Þetta er sama uppsetning og í tilskipun 2009/138/EB.

FME telur vera óljóst hvort ákvæðið taki til slitameðferðar váttryggingafélaga eða gjaldþrotaskipta þeirra og leggur til að ákvæðunum verði breytt. Til að auka skýrleika og ítarleika ákvæðisins leggur ráðuneytið til að 161. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

161. gr.

Slitameðferð og gjaldþrotaskipti váttryggingafélags.

Váttryggingafélag verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta nema að kröfu Fjármálaeftirlitsins. Að öðru leyti en mælt er fyrir um í lögum þessum skulu lög nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., gilda um gjaldþrotaskipti váttryggingafélags.

Váttryggingakröfur á hendur váttryggingafélagi skulu ganga næst á undan kröf-um skv. 113. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Váttryggingafélag skal ávallt geta sýnt fram á umfang þeirra krafna sem ganga á undan váttryggingakröfum.

Það skal ekki hafa áhrif á rétt vedhafa vegna eignarréttinda sem eru í öðru aðildarríki þegar váttryggingafélag er sett í slitameðferð eða kveðinn er upp úrskurður um gjaldþrotaskipti félagsins. Íslensk lög gilda þó um réttindi og skyldur aðila sem lúta opinberu eftirliti hérlendis.

Hafi váttryggingafélag keypt eign með eignarréttarfyrirvara skal það ekki hafa áhrif á réttindi seljanda sem byggjast á fyrirvaranum ef eign er í öðru aðildarríki þegar váttryggingafélag er sett í slitameðferð eða kveðinn er upp úrskurður um gjaldþrotaskipti félagsins. Slitameðferð og gjaldþrot váttryggingafélags hefur ekki áhrif á sölu váttryggingafélags á eign hafi afhending þegar farið fram og eignin verið í öðru aðildarríki þegar slitameðferð hefst eða úrskurður um gjaldþrotaskipti var kveðinn upp.

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. mgr. er heimilt að beita ákvæðum III. kafla laga um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, eða ákvæðum XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, nema lög gistiríkis heimili ekki slíkt.

Hafi váttryggingafélag selt fasteign, skip eða flugvél sem háð er opinberri skráningu eða framseljanleg verðbréf eða önnur verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði eftir að váttryggingafélag er sett í slitameðferð eða kveðinn er upp úrskurður um gjaldþrotaskipti félags skulu lög þess ríkis þar sem eign er eða þar sem hin opinbera skráning hefur farið fram gilda um lögmæti löggerningsins.

Um áhrif þess að hún váttryggingafélags sé sett í slitameðferð eða kveðinn er upp úrskurður um gjaldþrotaskipti á málshöfðun vegna eignar eða annarra réttinda sem váttryggingafélag hefur látið af hendi fer eftir lögum þess aðildarríkis þar sem málið var höfðað.

Ákvæði 2.–4. mgr. 149. gr. gilda um gjaldþrotaskipti og slitameðferð váttryggingafélags að breyttu breytanda.

Váttryggingafélag skal halda sérstaka skrá yfir þær eignir sem notaðar eru til að jafna þá váttryggingaskuld sem reiknuð er og ávöxtuð. Samsetningu þeirra eigna sem færðar eru í slíka skrá þegar slitameðferð eða gjaldþrotaskipti hefjast skal ekki breytt eftir það og ekki skal færa neinar breytingar í skrána aðrar en leiðréttingar á augljósum ritvillum nema með leyfi Fjármálaeftirlitsins. Eigi að síður skal slitastjórn eða skiptastjóri leggja ávöxtun tédra eigna við þær sem og virði hreinna iðgjalda sem móttekin eru í tengslum við þá tilteknu váttryggingagrein, frá því slitameðferð eða gjaldþrotaskipti hefjast og þar til váttryggingakröfur eru greiddar eða þar til váttryggingastofn hefur verið fluttur. Ef afraksturinn af sölu eigna er minni en virði þeirra, eins og það er metið í skránni, skal slitastjórn eða skiptastjóri gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir því með rökstuðningi.

162. gr. Slitameðferð félags með líftryggingastarfsemi.

FME telur vera óljóst hvort ákvæðið taki til slitameðferðar váttryggingafélaga eða gjaldþrotaskipta þeirra og leggur til að því verði breytt.

Til að auka skýrleika og ítarleika ákvæðisins, auk þess sem lagatilvísun er breytt, leggur ráðuneytið til að það verði svohljóðandi :

162. gr.

Slitameðferð og gjaldþrotaskipti félags með líftryggingastarfsemi.

Ákvæði 161. gr. um slitameðferð og gjaldþrot váttryggingafélags gilda um slitameðferð og gjaldþrot félags með líftryggingastarfsemi nema kveðið sé á um annað í ákvæði þessu.

Ákvæði 156. gr. um sérstaka meðferð líftryggingastofnsins gilda verði ákveðið að slíta félagi með líftryggingastarfsemi og getur Fjármálaeftirlitið krafist allra gagna frá félaginu sem nauðsynleg eru til að unnt sé að ljúka uppgjöri hans og ráðstöfun. Auk opinberrar tilkynningar skv. 2. mgr. 156. gr. skal Fjármálaeftirlitið tilkynna váttryggingartökum, váttryggðum og öðrum sem kröfu eiga á váttryggingafélag vegna váttryggingarsamninga og eiga lögheimili eða hafa fasta búsetu eða höfuðstöðvar í öðru aðildarríki um fyrirhugaðan flutning váttryggingastofnsins. Slík tilkynning skal vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi á lögheimili eða hefur fasta búsetu eða höfuðstöðvar.

Við **slitameðferð eða gjaldþrotaskipti** líftryggingafélags skal hvorki telja eignir sem mæta eiga líftryggingaskuldinni með eignum félagsins né líftryggingaskuldina með skuldum þess. Hafi ekki tekist að ljúka greiðslu líftryggingakröfu með eignum þeim sem mæta eiga líftryggingaskuldinni fer um líftryggingakröfuna á hendur félaginu skv. 2. mgr. 161. gr.

165. gr. Stjórnvaldssektir.

FME leggur til breytingar á 4., 5., 31. og 38. tölul. 1. mgr. ákvæðisins og gerir ráðuneytið ekki athugasemdir við þær.

Ráðuneytið leggur til breytingar á 3., 10. og 15. tölul. 1. mgr. til skýrleika. Ráðuneytið leggur einnig til að bætt verði við nýjum tölul. sem komi á eftir 38. gr. Aðrir tölul. þar á eftir breytast þá í samræmi við það.

Tillagan er svohljóðandi:

165. gr.

Stjórnvaldssektir.

3. 8. gr. um takmörkun á milligöngu vegna frumtryggingastarfsemi.
4. 3. mgr. 10. gr. um fyrirmæli Fjármálaeftirlitsins um að ráðin verði bót á því sem úrskæðis hefur farið.
5. 4. mgr. 10. gr., sbr. 9. gr., um að fara að reglum Fjármálaeftirlitsins um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti váttryggingafélaga.
10. 35. gr. og 36. gr. um samruna.
15. 2. og 4. mgr. mgr. 41. gr. um tilkynningu um skipan og síðari breytingar á skipan stjórnar, forstjóra og þeirra sem ábyrgð bera á lykilstarfssviðum.
31. 70. og 71. gr. um hæfi og upplýsingaskyldu endurskoðanda.
38. 123. gr. um heimild váttryggingafélags með starfsleyfi hér á landi til að opna útibú í öðru aðildarríki.
39. 124. og 126. gr. vegna starfsemi erlendra aðila hér á landi.

169. gr. Sektor eða fangelsi.

SFF og Laganefnd L.M.F.Í. telja refsheimild í 2. tölul. 1. mgr. 169. gr. ekki vera næga skýra þar sem vísað er til 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins.

Ráðuneytið fellst á athugasemdirnar og leggur til breytingar samkvæmt því. Til samræmis við 29. og 30. tölul. 1. mgr. 165. gr. leggur ráðuneytið til breytingar á 10. og 11. tölul. Tillögurnar eru svohljóðandi:

169. gr.

Sektor eða fangelsi.

2. 3. mgr. 10. gr. um að ekki sé farið að fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins um að ráðin verði bót á því sem úrskæðis hefur farið.
3. 4. mgr. 10. gr., sbr. 9. gr., um að fara að reglum Fjármálaeftirlitsins um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti váttryggingafélaga.
10. 1. mgr. 69. gr. um hámark eigin hluta.
11. 2. mgr. 69. gr. um lánveitingu gegn veði í eigin hlutabréfum.

174. gr. Gildistaka.

Til að gæta að lagaskilum leggur ráðuneytið til að bætt verði nýrri málsgrein við gildistökuákvæðið sem hljóði svo:

174. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 2016.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um váttryggingastarfsemi, nr. 56/2010, með síðari breytingum.

Lög nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi, skulu þó gilda um váttryggingafélög sem lúta stjórn skilastjórnar við gildistöku laga þessara.

Bráðabirgðaákvæði.

SFF og FME vekja athygli á að ákvæði 9. og 10. mgr. 308. gr. b. tilskipunarinnar séu ekki í frumvarpinu. Ráðuneytið leggur til að svohljóðandi sólarlagsákvæði verði bætt við bráðabirgðaákvæði frumvarpsins vegna ákvæða 9. og 10. mgr. 308. gr. b tilskipunarinnar:

Þrátt fyrir ákvæði 92. gr. skulu kjarnagjaldþolsliðir flokkaðir sem gjaldþolsþáttur 1 í 10 ár frá gildistöku laga þessara með þeim skilyrðum að:

1. Liðirnir hafi verið útgefnir fyrir gildistöku laga þessara.
2. Unnt hafi verið að nota liðina fyrir gildistöku laga þessara til að fullnægja allt að 50% af lágmarksgjaldi skv. lögum nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi.
3. Liðirnir myndu ekki að öðru leyti flokkast sem gjaldþolsþáttur 1 eða 2 skv. 92. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 92. gr. skulu kjarnagjaldþolsliðir flokkaðir sem gjaldþolsþáttur 2 í 10 ár frá gildistöku laga þessara með þeim skilyrðum að:

1. Liðirnir hafi verið útgefnir fyrir gildistöku laga þessara.
2. Unnt hafi verið að nota liðina fyrir gildistöku laga þessara til að fullnægja allt að 25% af lágmarksgjaldi skv. lögum nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi.

Ákvæði og kaflar í tilskipun 2009/138/EB sem eru ekki í frumvarpi:

7. kafli um eftirlit.

SFF telur rétt að einhver ákvæði 27. - 30. gr. tilskipunarinnar eigi að vera í frumvarpinu þar sem þurft gæti að vísa til þeirra vegna eftirlitsstarfsemi FME.

Ákvæðin í 7. kafla eru almenns eðlis og stefnumarkandi og innihald þeirra kemur fram í greinagerð frumvarpsins. Ráðuneytið telur fara betur að hafa þann háttinn á og ekki sé þörf á þeim ákvæðum í lagatexta frumvarpsins. Hins vegar gætu slík almenn ákvæði átt heima í lögum um opinbert eftirlit og mætti skoða síðar hvort leggja eigi til breytingu þar að lútandi.

15. kafli um gjaldþol.

SFF telur að ákvæði 90. og 91. gr. tilskipunarinnar skili sér ekki í frumvarpið

90. gr. tilskipunarinnar fjallar um samþykki eftirlitsstjórnvalda vegna stuðningsgjaldþolsliða. Í 92. gr. tilskipunarinnar kemur fram að setja skuli tæknilega framkvæmdastaðla til að tryggja að samræmi verði í samþykki eftirlitsstjórnvalda vegna stuðningsgjaldþols. Ákvæði þar að lútandi er í 95. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að ráðherra setji reglugerð um viðmið sem Fjármálaeftirlitið skuli leggja til grundvallar við mat á því hvort heimilt er að nota stuðningsgjaldþolslið í samræmi við 90. gr. Í 90. gr. kemur fram að fjárhæð stuðningsgjaldþols sé háð samþykki Fjármálaeftirlitsins. Ráðuneytið telur að 95. gr., sbr. 90. gr. feli í sér ákvæði 90. gr. tilskipunarinnar eins og vísað er til í athugasemdum við 90. gr. og ekki þurfi frekari ákvæði um samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Ákvæði 91. gr. tilskipunarinnar eru ekki í frumvarpinu. "Surplus funds" eru ekki til á Íslandi og var ákvæðinu því sleppt í frumvarpinu.

16. kafli um gjaldþolskröfu.

SFF telur ákvæði 104. gr. tilskipunarinnar ekki skila sér að fullu í frumvarpið.

Markmið 104. gr. er að lýsa hönnun staðalreglunnar. Frekari útfærsla á staðalreglunni verður í reglugerð og þykir nægileg lagastöð fyrir þeirri útfærslu í frumvarpinu. Um er að ræða forsendur fyrir útreikningi staðalreglunnar sem ekki er ástæða til að hafa í lögum.

18. kafli um fjárfestingar.

SFF bendir á að ákvæði 133. og 134. gr. tilskipunarinnar eru ekki í frumvarpinu.

133. og 134. gr. tilskipunarinnar fjalla um hvað aðildarríki má ekki krefjast af váttryggingafélögum.

Ráðuneytið telur ekki ástæðu til að hafa slík bannákvæði í frumvarpinu.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

15. febrúar 2016
Tilvísun: 2016010256

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi (heildarlög, EES-reglur), 396. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvubréfs frá nefndarsviði Alþingis, dags. 28. janúar 2016, þar sem óskað er umsagnar við frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi (heildarlög, EES-reglur), 396. mál. Þess var óskað að umsögnin bærist eigi síðar en 15. febrúar 2016.

Fjármálaeftirlitið styður framgang frumvarpsins en stofnunin átti m.a. fulltrúa í nefnd sem efnahags- og viðskiptaráðherra (nú fjármála- og efnahagsráðherra) skipaði hinn 23. febrúar 2010 til að leggja fram tillögur um hvernig standa skyldi að innleiðingu tilskipunar 2009/138/EB, um stofnun og starfrækslu váttryggingafélaga, sem tekin var upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2011 þann 1. júlí 2011, og er og fyrirbyggjandi frumvarp til nýrra heildarlaga um váttryggingastarfsemi byggt á vinnu þeirrar nefndar. Hlutverk nefndarinnar var eins og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins að innleiða tilskipun 2009/138/EB (Solvency II) en ekki að taka gildandi lög til heildarendurskoðunar og má því finna annmarka á frumvarpinu sem rekja má til eldri lagasetningar. Athugasemdir og/eða ábendingar Fjármálaeftirlitsins í umsögn þessari eiga því að einhverju leyti við atriði sem ekki komu til skoðunar í nefndinni við samningu frumvarpsins.

Fjármálaeftirlitið telur ástæðu til að koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri.

Almennar athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp

Fjármálaeftirlitið telur tilefni til að koma á framfæri ábendingu um ósamræmi milli gildandi laga á fjármálamarkaði og fyrirbyggjandi frumvarps til nýrra heildarlaga um váttryggingastarfsemi, hvað varðar lágmarks- og hámarksfjárhæðir stjórnvaldssekta en þær eru mun hærrí bæði í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Þá er heimild til að veltutengja stjórnvaldssektir í nefndum lögum en slíka heimild er ekki að finna í frumvarpinu.

Bent er á að mun ítarlegri skilgreiningu má finna á hugtakinu móðurfélag í gildandi lögum um fjármálafyrirtæki heldur en í fyrirbyggjandi frumvarpi. Þá er ekki að finna skilgreiningu á



FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

hugtakinu samstarf í frumvarpinu eins og í lögum um fjármálafyrirtæki en æskilegt verður að teljast að kröfur til fyrirtækja á fjármálamarkaði séu samræmdar eftir því sem kostur er þegar það á við.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

I. 4. og 5. gr. frumvarpsins

Heimildir váttryggingafélaga til fjárfestingar í skuldabréfum og öðrum fjármálagerningum samkvæmt 3. tölul. 5. gr. frumvarpsins takmarkast við 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins sem kveður á um hvenær váttryggingafélag telst reka aðra starfsemi en váttryggingastarfsemi. Til að áréttta framangreint er lagt til að nýr málsliður bætist við 3. mgr. 5. gr. fyrir aftan 1. másl. sem hljóðar svo:

„Fjárfestingar samkvæmt þessum tölulið takmarkast af ákvæði 2. mgr. 4. gr.“

II. 30. gr. frumvarpsins

Ranga tilvísun er að finna í 2. tl. 2. mgr. 30. gr. frumvarpsins, þar sem vísað er til 3. mgr. 29. gr. en rétt er að vísa til 6. mgr. 29. gr.

III. 45. gr. frumvarpsins

Í 2. tölul. 1. mgr. ákvæðisins skortir að geta þess að jafnframt beri í áhættu- og gjaldþolsmati að gera grein fyrir hvernig kröfum til váttryggingaskuldar verði fullnægt. Lagt er til að orða 2. tölulið 1. mgr. ákvæðisins með eftirfarandi hætti:

„Hvernig gjaldþolskröfum, kröfum um lágmarksfjármagn og kröfum til váttryggingaskuldar verður fullnægt.“

IV. 76. gr. frumvarpsins

Í 4. mgr. 76. gr. frumvarpsins segir:

„Besta mat váttryggingaskuldar skal reikna án lækkunar útgjalda vegna endurtryggingarsamninga og samninga við félög með sérstakan tilgang. Áhrif slíkra samninga skal reikna sérstaklega skv. 82. gr.“

Hugtakið **útgjöld** getur verið misvísandi í þessu samhengi þar sem í tilskipunni er vísað til hlutdeildar endurtryggjenda í váttryggingaskuld (e. *recoverables from reinsurance*). Lögð er til sú breyting að fella út hugtakið útgjöld og orða ákvæðið með eftirfarandi hætti:

„Besta mat váttryggingaskuldar skal reikna án hlutdeildar endurtryggjenda í váttryggingarskuld vegna endurtryggingarsamninga og samninga við félög með sérstakan tilgang. Áhrif slíkra samninga skal reikna sérstaklega skv. 82. gr.“

V. 82. gr. frumvarpsins

Vakin er athygli á rangri tilvísun í 1. mgr. ákvæðisins þar sem vísað er til 76. - 81. gr. en rétt er að vísa til 75. - 81. gr.



VI. 86. gr. frumvarpsins

Vakin er athygli á rangri tilvísun í ákvæðinu þar sem vísað er til 76. – 84. gr. en rétt er að vísa til 75. -84. gr.

VII. 90. gr. frumvarpsins

Í 90.gr. frumvarpsins segir:

*„Hafi stuðningsgjaldþolsliður verið **greiddur** telst hann til eignar og er þá ekki lengur hluti stuðningsgjaldþols félagsins.“*

Af ofangreindu má leiða strangari kröfu en fram kemur í tilskipuninni en í 90. gr. hennar segir:

*„Where an ancillary own-fund item has been **paid in or called up.**“*

Lagt er til að orða ákvæðið til samræmis við tilskipunina og orða það með eftirfarandi hætti:

[...]verið greiddur eða innkallaður telst hann til eignar og er þá ekki lengur hluti stuðningsgjaldþols félags.

VIII. 103. gr. frumvarpsins

Vakin er athygli á 2. mgr. 103. gr. frumvarpsins þar sem að Fjármálaeftirlitið skuli setja reglur um ferli sem stofnunin skuli fylgja við samþykkt eigin stika váttryggingafélags sem byggjast á tæknilegum framkvæmdastöðlum Evrópsku váttrygginga- og lífeyriseftirlitsstofnunarinnar. Óheppilegt þykir að Fjármálaeftirlitið setji reglur um eigin störf og er því lagt til að ráðherra setji í reglugerð þá tæknilegu framkvæmdarstaðla sem eiga við um starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Ákvæði þess efnis gæti verið 15. tl. 1. mgr. ákvæðisins og 2. mgr. ákvæðisins felld út.

IX. 161. og 162. gr. frumvarpsins

Óljóst virðist af efni 161. og 162. gr. frumvarpsins hvort ákvæðin taki til slitameðferðar váttryggingafélaga eða gjaldprotaskiptameðferðar þeirra. Þannig er t.d. fyrirsögn 161. gr. frumvarpsins „slitameðferð váttryggingafélaga“ en efni ákvæðisins virðist að megin stefnu til taka til gjaldprotaskiptameðferðar þeirra.

X. 1. mgr. 165. gr. frumvarpsins

4. töluliður er orðaður þannig:

„2. mgr. 9. gr. um fyrirmæli Fjármálaeftirlitsins um að ráðin verði bót á því sem úrskæðis hefur farið. „

Lagt er til að töluliðurinn verði orðaður með eftirfarandi hætti:



FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

„3. mgr. 10. gr. um fyrirmæli Fjármálaeftirlitsins um að ráðin verði bót á því sem úrskaiðis hefur farið. „

Breytingin er lögð til vegna þess að í 4. tölulið er ranglega vísað til 2. mgr. 9. gr. en tilvísunin ætti að vera til 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins.

5. töluliður í frumvarpinu er orðaður þannig:

„4. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 9. gr., um að fara að reglum Fjármálaeftirlitsins um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti váttryggingafélaga.“

Lagt er til að töluliðurinn verði orðaður með eftirfarandi hætti:

„4. mgr. 10. gr., sbr. 9. gr., um að fara að reglum Fjármálaeftirlitsins um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti váttryggingafélaga.“

Breytingin er lögð til í þeim tilgangi að vísa til 9. gr. í heild í stað þess að vísa eingöngu til 1. mgr. 9. gr.

31. töluliður í frumvarpinu er orðaður þannig:

„71. gr. um tilkynningarskyldu endurskoðanda til Fjármálaeftirlitsins.“

Lagt er til að töluliðurinn verði orðaður með eftirfarandi hætti:

„70. og 71. gr. um hæfi og upplýsingaskyldu endurskoðanda.“

Breytingin er lögð til í þeim tilgangi að gæta samræmis í orðalagi og inntaki 31. töluliðar 1. mgr. 165. gr. og 12. töluliðar 1. mgr. 169. gr. frumvarpsins.

38. töluliður í frumvarpinu er orðaður þannig:

„124. gr. um heimild váttryggingafélags með starfsleyfi hér á landi til að opna útibú í öðru aðildarríki.“

Lagt er til að töluliðurinn verði orðaður með eftirfarandi hætti:

„123. gr. um heimild váttryggingafélags með starfsleyfi hér á landi til að opna útibú í öðru aðildarríki.“

Breytingin er lögð til vegna þess að í 38. tölulið er ranglega vísað til 124. gr. en ætti að vera til 123. gr. frumvarpsins.

XI. 1. mgr. 169. gr. frumvarpsins

2. töluliður er orðaður þannig:

„2. mgr. 9. gr. um fyrirmæli Fjármálaeftirlitsins um að ráðin verði bót á því sem úrskaiðis hefur farið. „

Lagt er til að töluliðurinn verði orðaður með eftirfarandi hætti:



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

„3. mgr. 10. gr. um fyrirmæli Fjármálaeftirlitsins um að ráðin verði bót á því sem úrskaiðis hefur farið. „

Breytingin er lögð til vegna þess að í 2. tölulið er ranglega vísað til 2. mgr. 9. gr. en tilvísunin ætti að vera til 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins.

3. töluliður í frumvarpinu er orðaður þannig:

„4. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 9. gr., um að fara að reglum Fjármálaeftirlitsins um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti váttryggingafélaga.“

Lagt er til að töluliðurinn verði orðaður með eftirfarandi hætti:

„4. mgr. 10. gr., sbr. 9. gr., um að fara að reglum Fjármálaeftirlitsins um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti váttryggingafélaga.“

Breytingin er lögð til í þeim tilgangi að vísa til 9. gr. í heild í stað þess að vísa eingöngu til 1. mgr. 9. gr.

Er lagt til að framangreind ákvæði verði tekin til endurskoðunar.

Önnur atriði

Athygli Fjármálaeftirlitsins var vakin á því að láðst hafi að innleiða ákvæði 10. mgr. 308. gr. b. tilskipunarinnar í fyrirliggjandi frumvarp. Í umræddu ákvæði er váttryggingarfélagum heimilað að telja til gjaldþolsþáttar 2 kjarnagjaldþolsliði að því gefnu að:

- Liðurinn hafi verið gefinn út fyrir gildistöku nýrra laga.
- Liðurinn hafi verið tækur til að mæta a.m.k. 25% af lágmarksgjaldþoli skv. eldri lögum.

Heimildin er til 10 ára frá tilgreindum tímamörkum, 1. janúar 2016.

Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að ákvæðinu verði bætt inn í frumvarpið til að tryggja fullnægjandi innleiðingu tilskipunarinnar og til að gæta þess að með innleiðingunni sé svigrúm váttryggingafélaga ekki takmarkað um of við útreikning á gjaldþoli.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Anna Mjöll Karlsdóttir


Björk Sigurgísladóttir

Alþingi

Nefndasvið (nefndasvid@althingi.is)

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 17. febrúar 2016

Sent með tölvupósti.

Efni: Umsögn laganeftar L.M.F.Í. um 396. mál, þskj. 542, 145. löggjafarþing 2015-2016, Frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi.

Laganeft Lögmannafélags Íslands hefur farið yfir ofangreint frumvarp og telur rétt að koma á framfæri eftirfarandi ábendingum.

I. Almenn atriði

Svo sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið byggist það á tilskipun 2009/138/ESB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) („**Solvency II tilskipunin**“), sem tekin var upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið („EES“) með ákvörðun sameiginlegu EES-neftarinnar nr. 11/2011 þann 1. júlí 2011

Solvency II tilskipunin kveður á um fulla samræmingu innan aðildarríkja EES og er lítið svigrúm til þess að hafa ákvæðin á annan hátt í frumvarpinu en tilskipunin sjálf kveður á um.

Vakin er sérstök athygli á að nokkur ákvæði frumvarpsins virðast ekki eiga sér beina stoð í tilskipuninni og því viðbót miðað við ákvæði tilskipunarinnar, s.s. 3. mgr. 9. gr., 3. másl. 3. mgr. 42. gr., 51. gr., 64. gr. og 1. og 2. másl. 4. mgr. 70. gr. frumvarpsins. Að mati laganeftar, ber að nefna almennt, í ljósi þess að stefnt sé að fullri samræmingu innan aðildarríkja EES, að varhugavert geti verið að setja strangari reglur hér á landi en í öðrum EES ríkjum sem kunn, í einhverjum tilvikum, að geta raskað samkeppni á innri markaðnum. Æskilegt sé því að rök fyrir slíku séu skoðuð sérstaklega og til hlítar.

II. Athugasemdir við einstakar greinar

2. mgr. 55. gr. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu. Undanþáguákvæði.

Ákvæði 54. gr. frumvarpsins varðar skýrslu váttryggingafélags um gjaldþol og fjárhagslega stöðu, og 55. gr. er undanþáguákvæði frá því ákvæði. Í 2. mgr. 55. gr. frumvarpsins er kveðið á um eftirfarandi: „*Fjármálaeftirlitið getur heimilað váttryggingafélagi að nota eða vísa til opinberrar birtingar upplýsingum sem birtar eru á grundvelli lagaskyldu að því gefnu að þær upplýsingar jafngildi lágmarkskröfum skv. 1. mgr. 54. gr.*“ Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ákvæðin tvö séu í samræmi við 51. og 53. gr. tilskipunarinnar. Bent er á að í Solvency II tilskipuninni kemur fram í 3. mgr. 53. gr. að þetta eigi að vera heimilt¹.

Virðist því um einfalda villu við innleiðingu að ræða sem bent er á að ætti að leiðrétta.

61. gr. Viðmið. (Virg eignarhlutdeild)

Í 61. gr. frumvarpsins er lagt til að Fjármálaeftirlitið („**FME**“) leggi mat á hvort sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts

¹Í 3. mgr. 53. gr. tilskipunarinnar kemur eftirfarandi fram: „*Eftirlitsyfirvöld skulu heimila váttryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, að nota eða vísa til opinberra yfirlýsinga sem eru í samræmi við önnur laga- og reglugerðarskilyrði, að því marki sem þessar yfirlýsingar jafngilda upplýsingunum sem gerð er krafa um skv. 51. gr., bæði hvað varðar eðli þeirra og umfang.*“

LAGANEFND L.M.F.Í.

reksturs váttryggingafélags. Við mat skal FME hafa hliðsjón af tilgreindum atriðum, m.a. eftirfarandi í 5. tölul.: „Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hyggst fjárfesta í.“ Í athugasemd með greinargerð með frumvarpinu, nánar tiltekið skýringum við 61. gr. kemur m.a. fram að: „Greinin er í samræmi við 59. gr. tilskipunar 2009/138/EB og er efnislega samhljóða 43. gr. núgildandi laga, að því undanskildu ...“

Vakin er sérstök athygli á því að í Solvency II tilskipuninni eru í 1. mgr. 59. gr. tilgreind nokkur viðmið sem líta ber við mat á hæfi fyrirhugaðs yfirtökuaðila. Engin þeirra viðmiða virðast líta að stærð viðkomandi hlutar eða atkvæðisréttar, en samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins geta eftirlitsyfirvöld ekki andmælt fyrirhugaðri yfirtöku nema gildar ástæður liggi fyrir á grundvelli viðmiðanna eða upplýsingarnar sem fyrirhugaður yfirtökuaðili hafi verið ófullnægjandi. Jafnframt kemur fram í 3. mgr. sama ákvæðis tilskipunarinnar að aðildarríki skuli ekki setja nein skilyrði fyrirfram hvað varðar hlutfall eignahlutdeildar sem verður að yfirtaka né heimila eftirlitsyfirvöldum sínum að kanna fyrirhugaða yfirtöku m.t.t. hagrænna þarfa markaðarins.²

Svo virðist sem viðkomandi 5. töluliður kunni að brióta í bága við fyrrgreint ákvæði tilskipunarinnar. Leggur laganefnd til að innleiðing þessa ákvæðis verði tekið til skoðunar.

68. gr. Ráðstafanir tengdar virkum eignarhlut.

Í 1. mgr. 68. gr. frumvarpsins er kveðið á um að sé það mat FME að sá aðili sem eigi virkan eignarhlut í váttryggingafélagi og fari hann þannig með hlut sinn að það skaði heilbrigðan og traustan rekstur þess, beri FME að grípa til viðeigandi ráðstafana. Þær ráðstafanir eru tilgreindar í þremur stafliðum. Í 2. og 3. tl. 1. mgr. 68. gr. frumvarpsins er þannig gert ráð fyrir því að FME geti lagt fyrir viðkomandi váttryggingarfélag að grípa til ráðstafana sem draga úr skaðlegum áhrifum hluthafa, og getur FME einnig lagt fyrir stjórn að boða til hluthafafundar vegna þess, þar sem háttsemi hluthafans skal tekin fyrir.

Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu, nánar tiltekið í skýringum við 151. gr. frumvarpsins kemur fram að: „Greinin byggist á 52. gr. gildandi laga og fjallar um ráðstafanir sem Fjármálaeftirlitið getur gripið til ef aðili sem á virkan eignarhlut í váttryggingafélagi fer þannig með hlutinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur félagsins. Sambærilegt ákvæði er í 62. gr. tilskipunar 2009/138/EB.“

Vakin er athygli á því að í 1. mgr. 62. gr. Solvency II tilskipunarinnar er mælt fyrir um eftirfarandi:

Aðildarríkin skulu krefjast þess að þegar áhrif þeirra aðila sem um getur í 57. gr. eru líkleg til að ganga gegn traustri og varfærinni stjórnun váttrygginga- eða endurtryggingafélags skuli eftirlitsyfirvöld í heimaaðildarríki þess félags þar sem sóst er eftir virkri eignarhlutdeild eða hún aukin, grípa til viðeigandi ráðstafana til að binda enda á það ástand. Slíkar ráðstafanir geta t.d. verið lögbann, viðurlög gagnvart stjórnendum og forstöðumönnum eða svipting atkvæðisréttar sem fylgir hlutabréfum þeirra hluthafa og aðila sem um ræðir.

Vart verður talið að 2. og 3. tl. 1. mgr. 68. gr. séu sambærileg ofangreindri grein Solvency II tilskipunarinnar. Laganefnd leggur til að ákvæðið verði endurskoðað í líósi þess að það á sér ekki stoð í ákvæðum tilskipunarinnar. Jafnframt að skoðað sé hvort rétt sé að tilgeina þau atriði sem nefnd eru í dæmaskyni í 1. mgr. 62. gr. tilskipunarinnar í síálfum lagatextanum.

1. mgr. 150. gr. Ákvörðun um slitameðferð.

Í ákvæði 150. gr. frumvarpsins er lagt til að FME taki ákvörðun um að hefja slitameðferð váttryggingafélags, þar á meðal útibús þess í öðru aðildarríki. Ákvörðunin sé óháð því hvort að beiðni hafi verið lögð fram um endurskipulagningu fjárhags váttryggingafélag eða úrskurður upp kveðinn um það.

Hér er þannig gert ráð fyrir því að kröfu um slit váttryggingafélaga verði ekki beint til dómstóla.

Að íslenskum rétti þarf almennt að leita atbeina dómstóla þegar fara þarf fram á gjaldþrotaskipti félaga.³ Krafa um slit fjármálafyrirtækis fer þá eftir 3. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002 um

² 2. Ákvæði 59. gr. tilskipunarinnar hljóðar svo: „Eftirlitsyfirvöld geta ekki andmælt fyrirhugaðri yfirtöku nema fyrir því liggi gildar ástæður á grundvelli viðmiðanna sem sett eru fram í 1. mgr. eða ef upplýsingarnar sem fyrirhugaður yfirtökuaðili veitir eru ófullnægjandi.“ 3. mgr. hljóðar þá svo: „Aðildarríki skulu hvorki setja nein skilyrði fyrirfram hvað varðar hlutfall eignarhlutdeildar sem verður að yfirtaka né heimila eftirlitsyfirvöldum sínum að kanna fyrirhugaða yfirtöku m.t.t. hagrænna þarfa markaðarins.“

³ Sbr. t.d. 66. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

fjármálafyrirtæki, en þar kemur fram að beina skuli kröfu um slit fjármálafyrirtækis til héraðsdóms og að um hana fari fyrir dómi eins og kröfu um gjaldþrotaskipti.⁴

Í almennum athugasemdum kemur fram að: „Ákvæði kaflans hafa verið gerð ítarlegri en gildandi ákvæði um slitameðferð og eru í samræmi við „Solvency II“ tilskipunina en einnig eru ákvæðin samræmd ákvæðum um slitameðferð í lögum um fjármálafyrirtæki að því marki sem unnt er. Meðal nýmæla er að tiltekið er að Fjármálaeftirlitið taki ákvörðun um að hefja slitameðferð og á hvaða forsendum unnt er að óska eftir að váttryggingafélag verði tekið til slita.“ Í athugasemd með greinargerð með frumvarpinu, nánar tiltekið skýringum við 150. gr. kemur fram að ákvæði 150. gr. frumvarpsins sé „í samræmi við 273. gr. tilskipunar 2009/138/EB og kveður á um að Fjármálaeftirlitið taki ákvörðun um að hefja slitameðferð váttryggingafélags.“

Vakin er athygli á því að í Solvency II tilskipuninni virðist ekki kveðið á um hvernig fara eigi með ákvörðun um að hefja slitameðferð, heldur virðist aðildarríkjum eftirlátið að ákveða hvernig það samrýmist best landsrétti, sbr. 1. mgr. 273. gr. og 274. gr. tilskipunarinnar, sem hljóða svo:

1. mgr. 273. gr. Lögbær vfirvöld heimaaðildarríkis skulu ein hafa heimild til þess að taka ákvörðun um að hefja slitameðferð váttryggingafélags, þ.m.t. útibúa þess í öðrum aðildarríkjum. Þessa ákvörðun má taka þótt ekki hafi verið gerðar endurskipulagningarráðstafanir eða í kjölfar þess að þær eru samþykktar.
2. mgr. 273. gr. Ákvörðun varðandi upphaf slitameðferðar váttryggingafélags, þ.m.t. útibúa þess í öðrum aðildarríkjum, sem samþykkt er í samræmi við löggjöf heimaaðildarríkis, skal viðurkennd án frekari formsatriða í öllu Bandalaginu og gilda þar jafnskjótt og ákvörðunin tekur gildi í aðildarríkinu þar sem slitameðferðin hefst.
3. mgr. 273. gr. Lögbær vfirvöld heimaaðildarríkis skulu gera eftirlitsvfirvöldum þess aðildarríkis tafarlaust kunnugt um þá ákvörðun að hefja slitameðferð áður en til hennar kemur, ef því verður við komið, en ef það tekst ekki um leið og slitameðferð er hafin.

Annars vegar eru lögbær yfirvöld skilgreind sérstaklega í 2. mgr. 268. gr. tilskipunarinnar. Annað hugtak er eftirlitsvfirvöld. Breytingar á upphafi slitameðferðar váttryggingafélaga þannig að FME taki nú ákvörðun um slit, eiga sér ekki sérstaka stoð í ákvæðum tilskipunarinnar..

Laganefnd telur að miðg sérstök og veigamikil rök þurfi til að koma til að réttlæta þá grundvallarbreytingu á núgildandi lagaskipan sem felur í sér að dómstólar kveða upp úr um slitameðferð svo sem fjármálafyrirtækja en ekki eftirlitsstofnanir framkvæmdavaldsins. Umrædd breyting sem hér er lögð til byggir t.a.m. ekki beint á ákvæðum Solvency II tilskipunarinnar sem vísar einungis til lögbærra vfirvalda í þessu samhengi.

151. gr. Skilyrði og upphaf slitameðferðar.

Í ákvæði 1. mgr. 151. gr. frumvarpsins er lagt til að váttryggingarfélag verði ekki tekið til slita nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ekki er tiltekið í gildandi lögum hverjir geta óskað eftir að váttryggingafélag sé tekið til slita og á hvaða forsendum, og er ákvæðið því nýmæli. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu, nánar tiltekið í skýringum við 151. gr. frumvarpsins kemur fram að: „Horft var til sambærilegs ákvæðis 101. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. ... Ákvörðun um að slíta váttryggingafélagi er tekin af Fjármálaeftirlitinu og eru reglur um hvenær váttryggingafélag skuli tekið til slita í ákvæðinu. Ákvæði gjaldþrotalaga eiga því ekki við um upphaf slitameðferðar á váttryggingafélagi.“

Vakin er athygli á því að í 1. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki kemur sérstaklega fram að: „Bú fjármálafyrirtækja verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum reglum.“

Laganefnd telur að hér beri að gæta samræmis við ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og að sömu grundvallarreglur eigi við um slitameðferð váttryggingafélaga og gilda um slitameðferð fjármálafyrirtækja. Hin innleidda tilskipun takmarkar ekki slíka ráðstöfun, sbr. ofangreind umfiðllun.

169. gr. Sektir eða fangelsi.

Í 2. tl. 1. mgr. 169. gr. frumvarpsins, er kveðið á um að brot á 2. mgr. 9. gr. þess varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Skýringar við ákvæðið í greinargerð eru á þessa leið: „Þær efnislegu breytingar sem lagðar eru til í ákvæðinu tengjast brottfalli ákvæða, tilflutningi ákvæða og nýjum ákvæðum.“

⁴ Ákvæði 3. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002 hljóða svo: „Kröfu um slit fjármálafyrirtækis skal beint til héraðsdóms í því umdæmi þar sem það yrði sótt í einkamáli á heimilisvarnarpingi sínu. Krafa skal gerð úr garði og með hana farið fyrir dómi eins og kröfu um gjaldþrotaskipti.“

LAGANEFND L.M.F.Í.

2. mgr. 9. gr. fjallar um kröfur um góða viðskiptahætti, og kemur þar fram að „*Vátryggingafélag skal fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í því skyni skal vátryggingafélagið m.a. birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækisins í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu og gera grein fyrir stjórnarháttum sínum á vef félagsins og birta þar yfirlýsingu um stjórnarhætti sína.*“

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, gerir í 1. mgr. 69. gr. þá kröfu að engan megi dæma til refsingar nema með lögum.⁵ Sú krafa leiðir í fyrsta lagi til þess að manni verði ekki refsað nema lögbundin refsheimild sé til staðar. Í öðru lagi hefur hún það markmið að manni verði ekki refsað fyrir háttsemi nema hann hafi átt kost á því að vita að hún varð refsiverð. Í ákvæðinu felst þannig sú krafa að lýsing á refsiverðri háttsemi þarf að vera svo skýr og ótvíræð að ekki geti verið neinum vafa undirorpið hvað er átt við. Um þetta er einnig kveðið í 1. mgr. 7. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994.⁶

Laganefnd áréttar mikilvægi þess að gætt sé að skýrleika lögbundinna refsheimilda, og telur óhjákvæmilegt að endurskoða ákvæðið með vísan til ofangreindra atriða.

III. Lokaorð.

Laganefnd LMFÍ leggur til að þingmálið verði skoðað betur í samræmi við ofangreindar ábendingar og athugasemdir.

Fulltrúar laganefndar LMFÍ eru reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar til að fara yfir umsögnina ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar LMFÍ

Marta Margrét Ö. Rúnarsdóttir hdl.

Stefán A. Svensson hrl., formaður

⁵ 1. mgr. 69. gr. Stjórnarskrárinnar hljóðar svo: „Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimilud voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað.“

⁶ 1. mgr. 7. gr. laga nr. 64/1992 hljóðar svo: „Engan skal telja sekan um afbrot hafi verknaður sá eða aðgerðaleyfi, sem hann er borinn, eigi varðað refsingu að landslögum eða þjóðarétti þá framin voru. Eigi má heldur dæma mann til þyngri refsingar en lög leyfðu þegar afbrotið var framið.“

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík - stofnanir



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 11.02.2016
Tilv. 2016/0170 - 0.0.01
ÞAÁ

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi (heildarlög, EES reglur), 396. mál.

Vísað er til tölvubréfs Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 28. janúar 2016, þar sem Neytendastofu var sent til umsagnar frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi, 396. mál.

Neytendastofa telur að frumvarp þetta sé til þess fallið að styrkja stöðu neytenda og aukna samkeppni á váttryggingamarkaði, meðal annars með auknum aðgangi neytenda að upplýsingum um stöðu váttryggingafélaga og með hinum auknu kröfum til gjaldþols váttryggingafélaga.

Heilbrigðir viðskiptahættir

Í 4. mgr. 10. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli setja reglur um það hvað teljist vera eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir í váttryggingaviðskiptum. Þá er tekið fram að þar skuli m.a. fjalla um upplýsingagjöf til viðskiptavina.

Neytendastofa bendir á að í lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er fjallað um hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki og lagt bann við þeim viðskiptaháttum sem eru óréttmætir gagnvart neytendum. Lögin eru að verulegu leyti innleiðing á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB og gilda um alla atvinnustarfsemi, þ.m.t. starfsemi váttryggingafélaga. Í tilskipuninni og lögunum sem innleiða hana er mælt fyrir um allsherjarsamræmingu á reglum um viðskiptahætti sem gilda gagnvart neytendum. Samkvæmt lögunum er Neytendastofu falið eftirlit með ákvæðum laganna. Í því felst að eftirlit og ákvarðanir um það hvort viðskiptahættir eru lögmætir gagnvart neytendum er nú þegar á valdsviði Neytendastofu samkvæmt framangreindum lögum. Ganga þær reglur og samræmd framkvæmd þeirra á EES-svæðinu því ávallt framur umræddu ákvæði ef upp koma álitamál varðandi samskipti og upplýsingagjöf til viðskiptavina, o.s.frv. Í lögum nr. 56/2007 er auk þess kveðið á um samvinnu stjórnvalda á EES-svæðinu sem bera ábyrgð á neytendavernd. Markmið framangreindra laga og samstarf Neytendastofu við önnur stjórnvöld á EES-svæðinu er að tryggja að ávallt sé framfylgt samræmdum reglum sem gilda um viðskiptahætti fyrirtækja gagnvart neytendum. Ljóst er því að mati Neytendastofu að slík sérlög ganga því almennt framur almennum áréttingum laga um að fyrirtæki skuli starfrækja sína starfsemi í hátt við góða og eðlilega viðskiptahætti svo sem gert er í frumvarpi þessu.

Sérreglur um markaðssetningu

Í 1. og 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins er að finna eftirfarandi ákvæði:

„Öðru váttryggingafélagi en með starfsleyfi er óheimilt að bera heiti sem bendir til eða gefur í skyn að þar sé rekin váttryggingastarfsemi og láta nokkuð frá sér fara opinberlega, í prentuðu máli eða á annan hátt, sem skilja má á þann veg að félagið reki váttryggingastarfsemi

Nafn váttryggingafélags skal koma skýrt fram í öllu útsendu efni þess, þar á meðal váttryggingaskilmálum, váttryggingabeidnum, auglýsingum og öðru markaðsefni.“

Ákvæðið er sérákvæði um markaðssetningu váttryggingafyrirtækja. Í frumvarpinu kemur fram að ákvæðið sé efnislega samhljóða 6. gr. a og 7. gr. gildandi laga. Svipað ákvæði hefur verið í lögum um váttryggingastarfsemi allt frá því lög nr. 50/1978 um váttryggingastarfsemi tóku gildi.

Eins og fyrr greinir kveður tilskipun 2005/29/EB á um allsherjarsamræmingu reglna um óréttmæta viðskiptahætti á EES svæðinu en tilskipunin var innleidd hér á landi með lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 sem Neytendastofa hefur eftirlit með. Neytendastofa vill benda á að í 10. gr. laga 57/2005 koma fram skýrar reglur um hvaða upplýsingar skuli koma fram í auglýsingum eða öðru slíkum viðskiptaaðferðum. Þær reglur sem eru innleiðing á framangreindri tilskipun ganga mun lengra en á kvæði 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Telur Neytendastofa að afnema þurfi sérreglu um markaðssetningu sem lögð er til í 1. og 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins þar sem ákvæði laga nr. 57/2005 taki nú þegar til slíkrar villandi háttsemi aðila á markaði.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu



Tryggvi Axelsson
Forstjóri



Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. febrúar 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi, 396. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp þar sem lögð eru til ný lög um váttryggingastarfsemi sem leysi af hólmi lög nr. 56/2010.

Samkvæmt athugasemdum er tilgangur frumvarpsins að aðlaga núgildandi lagaumhverfi að tveimur nýjum tilskipunum, 2009/138/EB og 2014/51/ESB, sem teknar hafa verið upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og svo síðarnefnda felur í sér kröfu um *fulla samræmingu*.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að fram hafi komið gagnrýni af hálfu Samtaka fjármálafyrirtækja á drög frumvarpsins sem birt voru á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Höfðu samtök bent á að frumvarpið fæli í sér ýmsar íþyngjandi lagareglur sem gangi lengra en umræddar tilskipanir þrátt fyrir að leitast væri eftir fullri samræmingu í lagaumhverfi aðildaríkjanna. Frumvarpshöfunda leitast við að réttlæta tilvist slíkra ákvæða með eftirfarandi umfjöllun: „Í gildandi lögum eru ýmis ákvæði sem ekki eru í tilskipuninni en talið er nauðsynlegt að hafa ýmis af þeim ákvæðum áfram í lögum þar sem umræddar reglur taka mið af váttryggingamarkaði hér á landi. Mikilvægt er að lagarammi fyrir váttryggingamarkað sé heildstæður og skýr og ákvæðin eru þess eðlis að þarft er að hafa þau áfram í löggjöf um váttryggingastarfsemi enda eru þau ekki talin of íþyngjandi fyrir váttryggingafélög sem starfa hér á landi. Reglur á váttryggingamarkaði þurfa að vera þannig úr garði gerðar að þær skapi sem mest öryggi fyrir váttryggingartaka og váttryggða og það eru hagsmunir þeirra sem á að hafa í huga.“

Er ekki gerð grein fyrir því frekar hvað geri að verkum að rétt sé íslenskur váttryggingarmarkaður sæti öðrum og meira íþyngjandi reglum né hvernig hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að umrædd ákvæði séu ekki talin of íþyngjandi. Samtök atvinnulífsins hafa lagt ríka áherslu á að við lagasetningu á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sé mikilvægt að í athugasemdum við frumvarpið komi fram ef reglubyrði sé þyngd frá grunnkröfum tilskipunar og ef ætlunin sé að halda í lagaákvæði sem fyrir eru og eru meira íþyngjandi en tilskipunin gerir ráð fyrir. Þá þykir einnig mikilvægt að gera sérstaklega grein fyrir ef ætlunin er að viðurlög og eftirlit séu meira íþyngjandi en lágmarkskröfur tilskipunarinnar.

Fá samtökin ekki séð að leitast hafi verið eftir því að öll frávik séu útskýrð og rökstudd og virðist því sem hér sé verið að auka á íþyngjandi regluverk sem fyrirtæki í landinu, enn og aftur, án þess að ljóst sé að meðalhófs hafi verið gætt. Er það í beinni andstöðu við fyrirheit stjórnvalda til íslensks atvinnulífs.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Berglora Halldórsdóttir

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 19. febrúar 2016

Varðar: Frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi, 396. mál.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 28. janúar 2016, þar sem óskað er umsagnar við frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi (heildarlög, EES- reglur), 396. mál. Frumvarpið byggir á tilskipun 2009/138/ESB, um stofnun og starfrækslu váttryggingafélaga sem er í daglegu tali nefnd Solvency II. SFF áttu fulltrúa í nefnd sem efnahags- og viðskiptaráðherra skipaði þann 23. febrúar 2010 til að leggja fram tillögur um hvernig standa skyldi að innleiðingu tilskipunarinnar og SFF sendu einnig inn umsögn um drög að frumvarpinu þegar það var birt til umsagnar af efnahags- og fjármálaráðuneytinu í september 2015.

Tilskipunin er svokölluð „maximum harmonisation“ tilskipun, sem þýðir að lítið svigrúm er við innleiðingu á tilskipuninni í landslög og að svokallað „gold plating“ er ekki heimilt. Talað er um „gold plating“ t.d þegar eftirlitsaðilar setja auknar kröfur á váttryggingafélög án þess að heimild sé til þess í Solvency II tilskipuninni. Leggja þarf áherslu áherslu á að öll ákvæði tilskipunarinnar sem á að innleiða verði innleidd. Tilskipuninni fylgja reglugerðir sem mikilvægt er að hafi lagastöð. Um er að ræða umfangsmiklar og flóknar breytingar á grundvallar löggjöf sem váttryggingafélög starfa eftir og mikilvægt er að vandað sé til verka og tryggt að tilskipunin sé rétt innleidd. SFF telja mikilvægt að forðast að bæta við séríslenskum reglum sem geta haft neikvæð áhrif á samkeppnishæfni íslenskra váttryggingafélaga. Mikilvægt er að tryggja sem best samræmi við önnur ríki og fella niður séríslenskar reglur þar sem gengið hefur verið lengra en annarsstaðar á EES-svæðinu, enda er markmið tilskipunarinnar að samræma váttryggingamarkað sem mest á EES svæðinu. Íslensk váttryggingafélög eru agnarsmá samanborið við það sem þekktist víðast í Evrópu, taka þarf tillit til þess við innleiðingu á regluverki og í eftirliti. Gæta þarf að því að gera hlutina ekki of flókna, m.a. með séríslenskum reglum til viðbótar við alþjóðaregluverkið og gæta þarf að beinum og óbeinum kostnaði sem fylgir séríslenskum reglum. Þá má geta þess að samkvæmt aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar frá því í september 2013 er það markmið hennar að beita sér fyrir endurskoðun regluverks atvinnulífsins með einföldun og aukna skilvirkni að leiðarljósi.

Eftirfarandi eru helstu athugasemdir SFF við frumvarpið. Breytingartillögur eru ýmist undir eða yfirstrikaðar.

Séríslensk ákvæði

9. gr. Kröfur um góða viðskiptahætti

Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins ber váttryggingafélögum að tilgreina á vefsíðu nöfn og hlutfallslegt eignarhald allra þeirra sem eiga 5% eða stærri hlut í félaginu. Ákvæðið á sér ekki stöð í Solvency II tilskipuninni og því um íþyngjandi séríslenska reglu að ræða. Ekki er sérstaklega fjallað um það í greinagerðinni hvers vegna talin er þörf á því að gera ríkari kröfu til íslenskra váttryggingafélaga þegar kemur að því að tilgreina nöfn og hlutfallslegt eignarhald heldur en gerð er til annarra evrópskra váttryggingafélaga. Engin rök eru í greinagerð með frumvarpinu um hvers vegna þörf sé talin á því að þessi regla gildi um váttryggingafélög en vísað er til þess að sambærileg regla gildi um fjármálafyrirtæki. Reglan er íþyngjandi fyrir fyrirtækin og eigendur þeirra. SFF telja eðlilegra og nægilegt að þessar upplýsingar séu birtar í ársskýrslu váttryggingafélaga en skv. 65. gr. laga um ársreikninga, nr. 3/2006, skal í ársreikningi birta upplýsingar um 10% eignarhlut.

Í dag eru þrjú af váttryggingafélögum skráð á skipulegum verðbréfamarkaði en það getur breyst í tímans rás. Í lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, er fjallað um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar (flöggun), þ.e. í kafla 9. Samkvæmt lögum er meginreglan sú að eigandi hluta eða heimildarskirteina skal tilkynna til útgefanda og Fjármálaeftirlitsins ef breyting verður á eignarhaldi hans þannig að atkvæðisréttur hans nær, hækkar eða lækkar þannig að hann rjúfi ákveðin mörk, 5, 10, 15 % o.s.frv., sbr. 1. mgr. 78. gr. laganna. Útgefandi skal svo eins fljótt og audið er, eigi síðar en næsta viðskiptadag eftir að tilkynning berst honum, birta opinberlega allar upplýsingar sem finna má í tilkynningunni, sbr. 1. mgr. 87. gr. sömu laga. SFF telja að ekki hafi verið færð gild rök fyrir því að þörf sé á meira gagnsæi en gerð er krafa um þegar kemur að útgefanda á skipulögðum verðbréfamarkaði og leggur því til að 3. mgr. 9. gr. verði látin niður falla.

42. gr. Krafa um að meirihluti stjórnarmanna skuli vera óháður félögum innan sömu samstæðu

Í lok 3. mgr. segir að meiri hluti stjórnarmanna skuli ávallt vera óháður félögum innan sömu félagasamsteypu. Samhljóða ákvæði er að finna í núgildandi lögum sem kom inn með breytingarlögum nr. 27/2014. Ákvæðið á sér ekki stöð í Solvency II tilskipuninni. Í athugasemdum við frumvarpið er ekki að finna rökstuðning fyrir ákvæðinu en í nefndaráli frá efnahags- og viðskiptanefnd, þingskjal 404-168, mál, um breytingar á lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um miðlun váttrygginga, segir að í framkvæmd sé starfsemi líftryggingafélaga þannig að þau útvista mestum hluta af starfsemi sinni til skadatryggingafélags innan sömu samstæðu. Í slíku tilfelli gæti skapast viðvarandi hagsmunaárekstur þar sem stjórnir beggja félaga geta verið skipaðar sömu stjórnarmönnum. Slík stjórn sem skipuð er með þessum hætti er ekki ályktunarbær varðandi samninga við móðurfélagið og samkeppnisaðila þess. Í ljósi þessa taldi nefndin mikilvægt að ákvæðið næði fram að ganga enda er því ætlað að tryggja og treysta trúverðugleika og óhæði á váttryggingamarkaði. SFF vilja hins vegar benda á að athugasemd SFF snýr ekki að því að sömu stjórnarmenn geti setið í stjórn móður- og dótturfélags enda er tekið fyrir þann möguleika í 1. mgr. 42. gr. þar sem segir að stjórnarmenn váttryggingafélags megi ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða félags í nánum tengslum við það né vera starfsmenn, endurskodendur eða tryggingastærðfræðingar annars eftirlitsskylds aðila eða tengdra félaga. Í 2. mgr. 42. gr. segir að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur stjórnarmaður eða starfsmaður váttryggingafélags tekið sæti í stjórn annars váttryggingafélags eða fjármálafyrirtækis eða fjármálasamsteypu ef um er að ræða félag sem er að hluta eða að öllu leyti í eigu félags með yfirráð yfir váttryggingafélaginu. Athugasemd SFF að lokamálslið 3. mgr. snýr að því að málsliðurinn kemur í veg fyrir það að t.d. starfsmaður eða stjórnarmaður

móðurfélags taki sæti í stjórn dótturfélags. Þá segir einnig í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar að sú hættu sé fyrir hendi ef stjórn váttryggingafélags er skipuð að meirihluta aðilum sem tengjast móðurfélaginu með beinum hætti að viðskipti milli móðurfélagsins og váttryggingafélagsins sæti ekki sömu gagnrýni og ef um óviðkomandi félag væri að ræða. SFF vilja benda á að í gildi er reglugerð nr. 1180/2014, um skjölun og milliverðlagningu í viðskiptum tengdra lögaðila. Reglugerðin gildir um tengda lögaðila sem eiga í viðskiptum skv. 3-5. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Samkvæmt reglugerðinni þá gildir svokölluð armslengdarregla um viðskipti milli tengdra aðila, sem felst í því að viðskipti milli tengdra aðila eiga að vera sambærileg því sem almennt gerist í viðskiptum milli ótengdra aðila undir sambærilegum kringumstæðum og dótturfélögum því veitt ákveðin vernd gagnvart móðurfélagi í viðskiptum á milli félaganna.

Málsliðurinn um að meirihluti stjórnarmanna skuli ávallt vera óháður félögum innan sömu samstæðu takmarkar verulega möguleika váttryggingafélaga til að velja stjórnarmenn sem fullnægja bæði almennum og sérstökum hæfisskilyrðum og er íþyngjandi sérslenskt ákvæði sem þó virðist vera að bregðast við réttarástandi sem er komið í veg fyrir m.a. með 1. mgr. 42. gr. og reglugerð um milliverðlagningu. Ákvæðið gengur því lengra en nauðsynlegt er til að tryggja stöðu dótturfélags ef tengdir aðilar eiga sæti í stjórn þess og er til að mynda gengið lengra en gert er í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Í þessu sambandi skal á það bent að í 3. mgr. 52. gr. a. í lögum um fjármálafyrirtæki er mælt fyrir um að slík stjórnarseta, þ.e. krossstjórnarseta, er háð því að hún skapi ekki, að mati Fjármálaeftirlitsins, hættu á hagsmunaárekstrum á markaði. Ekki er ástæða til að hafa annað fyrirkomulag í tilviki váttryggingarfélaga en hjá fjármálafyrirtækjum. Þá má geta þess að með þessu eru gerðar meiri kröfur um óhæði en leiðbeiningar Viðskiptaráðs og fleiri aðila um góða stjórnarhætti gera, sem eru þó þær leiðbeiningar sem verið er að vísa til í 9. gr. frumvarpsins. Mikilvægt er að stjórnir váttryggingafélaga séu skipaðar hæfum einstaklingum og telja SFF að ákvæðið feli í sér hættu á að minna hæfir einstaklingar muni verða skipaðir í stjórnir váttryggingafélaga. Sá áskilnaður að meirihluti stjórnarmanna í váttryggingarfélagi skuli vera óháður öðrum eftirlitsskyldum aðilum, þ.m.t. eiganda, takmarkar verulega möguleika félags á að finna hæfa stjórnarmenn. SFF telja að hluthafi í félagi eigi að geta ákveðið hverjir sitji í stjórn þess og hvaða stöðu þeir hafa að gegna að því gefnu að ekki skapist hættu á hagsmunaárekstrum. Um váttryggingafélög eiga að gilda sömu reglur um hæfi til stjórnarsetu og um aðra aðila á fjármálamarkaði og eru engar forsendur til að ganga lengra og setja þeim strangari reglur en öðrum eftirlitsskyldum aðilum. Þá hefur það ekki sýnt sig hingað til að krossstjórnarseta innan sömu samstæðu hafi skapað hagsmunaárekstra.

Þótt starfsemi skaðatryggingafélaga og líftryggingafélaga sé í aðskildum félögum þá er starfsemi og rekstur félaga eins og hér um ræðir það tengdur og náinn hér á landi að móðurfélagið (skaðatryggingafélagið) og þeir sem þar sinna hinni daglegu starfsemi, hafa að jafnaði fulla burði til að geta haft stjórn dótturfélagsins (líftryggingafélagsins) með höndum án þess að hættu skapist á hagsmunatengslum á fjármálamarkaði eða að slíkt skaði heilbrigðan og traustan rekstur viðkomandi váttryggingafélags. Verður ekki betur séð en fyrri heimildir Fjármálaeftirlitsins til að meta hvort hættur, eins og hér um ræðir, geti skapast í einstöku tilfellum dugi fullkomlega til að koma í veg fyrir þær hættur sem í því geta falist þegar starfsmenn móðurfélags taka sæti í stjórn dótturfélags við þær aðstæður sem hér að framan hefur verið lýst. Er því eindregið lagt til að lokamálsliður 3. mgr. 42. gr. frumvarpsins um að meiri hluti stjórnarmanna skuli ávallt vera óháður félögum innan sömu félagasamstæðu verði felldur brott.

51. gr. Kaupaukar og starfslokasamningar

Samkvæmt 51. gr. eru ákveðnar takmarkanir settar á greiðslu kaupauka, og samkvæmt lokamásl. 1. mgr. ákvæðisins getur samtala hvers veitt kaupauka starfsmanna ekki numið hærri fjárhæð en 25% af árslaunum viðkomandi án kaupauka. Ákvæðið er sambærilegt við ákvæði um kaupauka og kaupaaugagreiðslur í lögum um fjármálafyrirtæki og í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins, nr. 299/2012, um kaupaukakerfi váttryggingafélaga. Ákvæðið á sér hins vegar ekki stöð í Solvency II tilskipuninni og er því séríslensk íþyngjandi ákvæði. SFF vilja ítreka fyrri athugasemdir að ekki séu settar strangari reglur hér á landi en í löndunum í kringum okkur en slíkt takmarkar samkeppnishæfni íslenskra váttryggingafélaga.

53. gr. Ársreikningar

Samkvæmt 1. mgr. 53. gr. skulu ársreikningar váttryggingafélaga vera samdir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, sbr. VIII. kafla laga um ársreikninga. Reikningsskilastaðlar eru ítarlegir og þeim fylgir sérstakt eftirlitakerfi sem löggiltir endurskoðendur annast, auk þess sem váttryggingafélög skráð í kauphöll eru undir eftirliti þar. Fjármálaeftirlitið hefur hins vegar ekki hlutverk við mótun, innleiðingu og eftirlit með alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og framkvæmd þeirra.

Í 3. mgr. 53. gr. er Fjármálaeftirlitinu fengin heimild til að krefjast breytinga á reikningsskilum verði það vart við að ársreikningur sé ekki í samræmi við lög [þ.e. alþjóðlega reikningsskilastaðla], og jafnvel að ársreikningurinn verði tekinn á ný til umfjöllunar á hluthafafundi.

Valdheimildir FME skv. 3. mgr. eru ekki í samræmi við lögina að öðru leyti og eiga sér ekki stöð í tilskipunni sem verið er að taka upp í íslenskan rétt. Hvergi í frumvarpinu er fjallað um ársreikninga sem eftirlitstæki fyrir stjórnvöld, enda eru ársreikningar samdir til þess að upplýsa almenning og fjárfesta um afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé. Ákvæði frumvarpsins fjalla ítarlega um opinbert eftirlit með váttryggingastarfsemi, sem á að byggjast á sérstökum skýrslum og eftirlitsaðgerðum sem lúta að gjaldþoli og stjórnarháttum. Flestar eða allar upplýsingar sem eru í ársreikningi fær FME enn ítarlegri í sérstökum skýrslum.

Í lögnum eru engar leiðbeiningar né annar stuðningur fyrir FME um það hvernig beita skuli heimildarákvæði 3. mgr. Telja verður, að eftirlit með ársreikningum váttryggingafélaga eins og gert er ráð fyrir í 3. mgr. 53. gr. kosti Fjármálaeftirlitið fyrirhöfn sem betur er varið í það eftirlit sem lögina gera ráð fyrir.

Heimildir Fjármálaeftirlitsins varðandi ársreikninga váttryggingafélaga eru leifar af gömlu lagaumhverfi sem er ekki lengur til staðar. Lagaumhverfið breyttist með lögum nr. 56/2010, þar sem innleidd var skylda til að nota alþjóðlega reikningsskilastaðla. Samkvæmt framangreindu leggja SFF til að 3. mgr. 53. gr. frumvarpsins verði látin niður falla.

53. gr.

Ársreikningar.

Reikningsár váttryggingafélags er almanaksárið. Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu váttryggingafélags og skal saminn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, sbr. VIII. kafla laga um ársreikninga.

Ársreikningur ásamt skýrslu stjórnar skal vera aðgengilegur almenningi, t.d. á vef félagsins.

~~Ef Fjármálaeftirlitið verður vart við að ársreikningur váttryggingafélags er ekki í samræmi við lög getur það krafist breytinga á reikningsskilunum og ef tilefni er til að þau verði tekin á ný til umfjöllunar á hluthafafundi og skal félaginu þá veittur hæfilegur frestur.~~

55. gr. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu. Undanþáguákvæði

Samkvæmt 2. mgr. 55. gr. getur Fjármálaeftirlitið heimilað váttryggingafélagi að nota eða vísa til opinberra birtingar upplýsinga sem birtar eru á grundvelli lagaskyldu að því gefnu að þær upplýsingar jafngildi lágmarkskröfum skv. 1. mgr. 54. gr. Hér er um að ræða ranga innleiðingu á 51. og 53. gr. tilskipunarinnar. Samkvæmt tilskipuninni á vísun í ársreikning úr skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu að vera heimil en ekki háð sérstöku leyfi frá Fjármálaeftirlitinu.

Í samræmi við framangreint er lögð er til eftirfarandi breyting á orðalagi 2. mgr. 55. gr.

~~Fjármálaeftirlitið getur heimilað váttryggingafélagi að nota eða vísa til opinberrar birtingar upplýsinga sem birtar eru á grundvelli lagaskyldu að því gefnu að þær upplýsingar jafngildi lágmarkskröfum skv. 1. mgr. 54. gr.~~

Váttryggingafélagi er heimilt, að nota eða vísa til opinberra vfirlýsinga sem eru í samræmi við önnur laga- og reglugerðarskilyrði, að því marki sem þessar vfirlýsingar jafngilda upplýsingum sem gerð er krafa um skv. 1. mgr. 54. gr.

Einnig er nauðsynlegt að gera breytingu á 3. mgr. 55. gr. þar sem vísað er til 2. mgr. 55. gr. eigi ekki við um birtingu upplýsinga skv. 5. tl. 1. mgr. 54. gr. Gera þarf eftirfarandi breytingu á ákvæðinu, breytingin er í samræmi við viðkomandi grein í tilskipuninni:

~~Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við um birtingu upplýsinga skv. 5. tl. 1. mgr. 54. gr.~~

Í samræmi við framangreindu breytingartillögu þarf einnig að gera breytingu á heiti greinarinnar. SFF leggur til eftirfarandi:

55. gr. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu. Undanþáguákvæði og þegar birtar upplýsingar.

61. gr. Viðmið

Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 61. gr. skal Fjármálaeftirlitið hafa hliðsjón af stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hyggst fjárfesta í. Ákvæðið fer gegn 3. mgr. 59. gr. tilskipunarinnar en samkvæmt henni er aðildarríkjum ekki heimilt að takmarka stærð eignarhluta aðila sem teljast hæfir til að fara með virkan eignarhlut. SFF leggja til að 5. tölul. 1. mgr. 61. gr. verði látin niður falla.

61. gr.
Viðmið.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs váttryggingafélags. Við mat á hæfi viðkomandi skal höfð hliðsjón af eftirfarandi:

1. Orðspori þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
2. Orðspori og reynslu þess sem kemur til með að veita váttryggingafélaginu forstöðu komi til hinna fyrirhuguðu kaupa eða aukningar eignarhlutar.
3. Fjárhagslegu heilbrigði þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í váttryggingafélaginu, einkum með tilliti til þess reksturs sem váttryggingafélagið hefur með höndum.
4. Hvort eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut skapi hættu á hagsmunaaárekstrum á fjármálamarkaði.
- ~~5. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hyggst fjárfesta í.~~

68. gr. Ráðstafanir á virkum eignarhlut

Samkvæmt 2 og 3. tl. 1. mgr. 68. gr. getur Fjármálaeftirlitið lagt fyrir hlutaðeigandi váttryggingafélag að grípa til ráðstafana sem draga úr skaðlegum áhrifum aðila sem á virkan eignarhlut í félaginu og lagt fyrir stjórn hlutaðeigandi váttryggingafélags að boða til hluthafafundar þar sem háttsemi hluthafans skal tekin fyrir. Í athugasemdum með 68. gr. segir að greinin sé byggð á 52. gr. gildandi laga og að sambærilegt ákvæði sé að finna í 62. gr. tilskipunarinnar.

Samkvæmt því sem fram kemur í 62. gr. tilskipunarinnar þá eru það eftirlitsyfirvöld sem geta gripið til viðeigandi ráðstafana til að binda enda á það ástand sem vísað er til í 1. másl. 1. mgr. 68. gr. frumvarpsins, þ.e. að aðili sem á virkan eignarhlut í váttryggingafélagi hafi farið eða fari þannig með hlut sinn að það skaði heilbrigðan og traustan rekstur þess að mati Fjármálaeftirlitsins. Þessar ráðstafanir, samkvæmt 62. gr. tilskipunarinnar, geta t.d. verið lögbann, viðurlög gagnvart stjórnendum og forstöðumönnum eða svipting atkvæðisréttar sem fylgir hlutabréfum þeirra hluthafa og aðila sem um ræðir. Hvergi í tilskipuninni er að finna heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að krefjast þess að hlutaðeigandi váttryggingafélag eða stjórn þess grípi til sérstakra ráðstafana. Váttryggingafélag eða stjórn þess hefur engar heimildir til að grípa til aðgerða gagnvart tilteknum hluthafa og virðist því sem svo að ákvæðið sé ekki framkvæmanlegt auk þess sem það á sér ekki stöð í tilskipuninni. Það fellur ekki undir hlutverk og valdsvið hluthafafundar að grípa til aðgerða gagnvart tilteknum hluthafa og er það einungis á valdi Fjármálaeftirlitsins að grípa til slíkra úrræða. Samkvæmt framangreindu þá leggja SFF til að 2. og 3. tl. 1. mgr. 68. gr. verði látnir niður falla.

68. gr.

Ráðstafanir tengdar virkum eignarhlut.

Sé aðila sem á virkan eignarhlut í váttryggingafélagi svo farið eða fari hann þannig með hlut sinn að það skaði heilbrigðan og traustan rekstur þess að mati Fjármálaeftirlitsins skal það grípa til viðeigandi ráðstafana til að varna því. Viðeigandi ráðstafanir geta falist í eftirfarandi:

1. Ákveða að þeim hlut fylgi ekki atkvæðisréttur.
2. ~~Að leggja fyrir hlutaðeigandi váttryggingafélag að grípa til ráðstafana sem draga úr skaðlegum áhrifum hluthafans.~~
- ~~3. Að leggja fyrir stjórn hlutaðeigandi váttryggingafélags að boða til hluthafafundar þar~~

~~sem háttsemi hluthafans skal tekin fyrir. Skal fulltrúa Fjármálaeftirlitsins heimilt að sækja fundinn og taka þar til máls.~~

70. gr. Endurskoðun

Samkvæmt 4. mgr. 70. gr. skal váttryggingafélag kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til fimm ára á aðalfundi. Óheimilt er að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfélag fyrr en að fimm árum liðnum frá því starfstíma samkvæmt 1. málsl. lauk. Samhljóða ákvæði kom inn í núgildandi lög árið 2010 í kjölfar gagnrýni á endurskoðendafyrirtæki eftir hrunið. Ákvæðið er ekki í samræmi við Solvency II tilskipunina og er því um séríslensk íþvingandi ákvæði að ræða.

Þann 3. apríl 2014 var samþykkt á Evrópuþinginu breyting á tilskipun Evrópusambandsins um endurskoðun og ný reglugerð sett samhliða. Lauk þar með fjögurra ára vinnu innan sambandsins um mótun nýs regluverks um endurskoðendur og endurskoðun eftir fjármálakreppuna í Evrópu. Grunnurinn að nýrri löggjöf var lagður fram með sérstakri skýrslu (Green Paper), *Audit Policy: Lesson from the Crisis*, sem útgefin var af framkvæmdastjórn ESB árið 2010. Nýjar reglur einkennast af auknum kröfum til endurskoðenda og endurskoðunar, frekara opinberu eftirliti og ítarlegra regluverki með störfum endurskoðenda. Þessar breytingar munu kalla á breytingar á löggjöf um endurskoðendur og endurskoðun hér á landi. Íslenska lagaákvæðið gengur mun lengra en evrópsku reglurnar. Samkvæmt þeim er aðildarríkjum skylt að innleiða reglur sem gera útskiptingu endurskoðunarfyrtækja hjá fjármálafyrirtækjum að skyldu á 10 ára fresti.

Aðildarríkjum er heimilt að lögleiða styttra tímabil og þeim er einnig heimilt að framlengja ráðningartímabilið um allt að önnur 10 ár en þá eingöngu ef útbod á endurskoðunarþjónustu viðkomandi fyrirtækis hefur farið fram í lok fyrra tímabils. Hámark ráðningartímabils er því samanlagt 20 ár, en ef um sameiginlega endurskoðun er að ræða, þ.e. tvö endurskoðunarfyrtækja árita ársreikninginn (e. joint audit), er hámark tímabilsins 24 ár.

Almennar athugasemdir

21. gr. Starfsleyfi í líf- og heilsutryggingum

SFF leggja til eftirfarandi breytingu á 1. ml. 1. mgr. 21. gr. þannig að orðunum „...“, auk tengdra slysa- og sjúkratrygginga,“ verði bætt inn í málsliðinn eins og fram kemur hér að neðan. Það er mat SFF að umrædd breyting sé óhjákvæmileg þar sem samkvæmt 1. mgr. 72. gr. er heimilt að veita líftryggingafélagi starfsleyfi í slysa- og sjúkratryggingum.

Starfsleyfi í líftryggingum og heilsutryggingum, auk tengdra slysa og sjúkratrygginga,
afmarkast við tiltekna greinaflokka frumtrygginga eða váttryggingagreinar innan þeirra samkvæmt eftirfarandi skrá:

24. gr. Áætlun um starfsemi váttryggingafélags

Í fyrri athugasemdum SFF við drög að frumvarpi til laga um váttryggingastarfsmi, sem birt voru til umsagnar á heimasíðu efnahags- og fjármálaráðuneytisins gerðu SFF athugasemd við að gæta þyrfti betur samræmis í hugtakanotkun, sérstaklega þegar kemur að þýðingu á hugtakinu „Minimal capital

requirement“. Tekið var tillit til þessarar athugasemdar SFF en þó virðist sem ekki hafi verið gerð breyting í 5. tl. 1. mgr. í samræmi við aðrar breytingar á hugtakanotkun. Í 5. tl. 1. mgr. er enska hugtakið “Minimal capital requirement“ þýtt sem gjaldþolskrafa. Líklega á að nota hugtakið „lágmarksfjármagn“ í seinni málslið töluliðarins:

Áætlun um hvernig félagið hyggst fullnægja gjaldþolskröfu fyrstu þrjú heilu reikningsárin.
Fram skal koma með hvaða reikniaðferð mat á ~~gjaldþolskröfu~~ lágmarksfjármagni er gert.

33. gr. Eftirlit með útvistaðri starfsemi

Lögð er til eftirfarandi breyting á orðalagi 1. tl. 1. mgr. :

1. Þjónustuaðilinn starfi með hafi samstarf við Fjármálaeftirlitinu ~~í~~ vegna útvistaðrar starfsemi, óski Fjármálaeftirlitið þess.

Fyrri hluti breytingarinnar samrýmist betur íslensku málfari og telur SFF að rétt sé að tala um að þjónustuaðili starfi með Fjármálaeftirlitinu í stað orðalagsins „hafi samstarf við“. Seinni hluti breytingarinnar snýr að því að skýrt komi fram að samstarfið á sér stað í þeim tilvikum þar sem Fjármálaeftirlitið telur þörf á en ekki sé um að ræða viðvarandi samstarf aðila sem taka að sér útvistaða starfsemi fyrir váttryggingafélög, heldur einungis í þeim tilvikum þegar þörf er talin á slíku samstarfi.

1. mgr. 44. gr. Áhættustýring

Lögð er til eftirfarandi breyting á 1. mgr. 44. gr. Breytingin er í samræmi við íslenska þýðingu á Solvency II tilskipuninni og er það mat SFF að orðalagið sé skýrara og nær betur að endurspegla merkingu ákvæðisins í tilskipuninni:

~~Í váttryggingafélagi skal vera skilvirkt kerfi áhættustýringar sem hefur reglur, verkferla og verklag sem nauðsynlegt er til að greina, meta, milda, stjórna, hafa eftirlit með og greina stöðugt frá áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starfsemi félagsins. Áhættustýringin nær einnig yfir tengsl á milli áhættuþátta.~~

Í váttryggingafélagi skal vera skilvirkt kerfi áhættustýringar sem tekur til stefnu, vinnslu og skýrslugjafaraðferðar sem nauðsynlegt er til að greina, mæla, stjórna og hafa eftirlit með og tilkynna stöðugt um þær áhættur sem þau sæta eða gætu sætt, og víxtengsl milli þeirra.

64. gr. Tilkynning um eigendaskipti

Samkvæmt lokamálslið greinarinnar skal eigandi virks eignarhluts tilkynna Fjármálaeftirlitinu ef hlutfallslegur eignarhlutur eða atkvæðisréttur rýrnar vegna hlutfjárukningar. Svo virðist sem málsliðurinn eigi sér ekki stoð í tilskipuninni en ákvæðið er íþyngjandi fyrir eiganda virks eignarhluts, enda stendur það mun nær félaginu að hafa yfirsýn yfir hvort eignarhlutur eða atkvæðaréttur rýrnar vegna hlutfjárukningar. Í lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, er þessi krafa sett á félagið en ekki eigandann. SFF telja að tilkynning til Fjármálaeftirlitsins um að hlutfallslegur eignarhlutur eða atkvæðisréttur rýrnar vegna hlutfjárukningar eigi betur heima hjá váttryggingafélaginu en ekki hjá eiganda virks eignarhlutar. Í samræmi við það leggja SFF til að lokamálsliður 64. gr. verði látin niður falla og gerð verði eftirfarandi breyting á 65. gr. frumvarpsins.

64. gr.

Tilkynning eiganda um aðilaskipti.

Hyggist eigandi virks eignarhlutar draga svo úr hlutafjäreign sinni eða atkvæðisrétti að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal hann tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 30%, 50% eða svo mikið að váttryggingafélagið hættir að vera dótturfélag hlutadeigandi skal það einnig tilkynnt. ~~Sama á við ef hlutfallslegur eignarhlutur eða atkvæðisréttur rýrnar vegna hlutafjár aukningar.~~

65. gr.

Tilkynning váttryggingafélags um aðilaskipti.

Þegar tilkynning hefur borist váttryggingafélagi um aðilaskipti að hlutabréfum í félaginu sem valda því að hlutafjäreign fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 58. gr. skal stjórn þess tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það án ástæðulauss dráttar.

Rými hlutfallslegur eignarhlutur eða atkvæðisréttur eiganda virks eignarhlutar vegna hlutafjár aukningar skal stjórn félagsins tilkynna það Fjármálaeftirlitinu.

161.gr. Slitameðferð váttryggingafélags

Samkvæmt 10. mgr. 161. gr. skal váttryggingafélag halda sérstaka skrá yfir þær eignir sem notaðar eru til að jafna þá váttryggingaskuld sem reiknuð er og ávöxtuð. SFF telja að ákvæði um skrá yfir eignir sem notaðar eru til að jafna váttryggingaskuld eigi betur heima í 75. gr. frumvarpsins þar sem er að finna almenn ákvæði um fjárhagsskuldbindingar vegna váttryggingasamninga en ekki í kafla um slit váttryggingafélaga og leggja til eftirfarandi breytingu á 75. gr. og 161. gr. frumvarpsins:

75. gr.

Almenn ákvæði um fjárhagsskuldbindingar vegna váttryggingarsamninga.

Váttryggingafélag skal meta skuldbindingar sínar vegna gerðra váttryggingarsamninga. Slík fjárhagsskuldbinding nefnist váttryggingaskuld.

Váttryggingaskuld skal á hverjum tíma vera sú fjárhæð sem váttryggingafélag þarf að greiða ef váttryggingaskuldbinding þess væri flutt til annars váttryggingafélags með skömmum fyrirvara.

Mat váttryggingaskuldar skal styðjast við og vera í samræmi við markaðsupplýsingar ásamt tiltækum upplýsingum um váttryggingaráhættu.

Váttryggingaskuld skal metin með varfærni og með áreiðanleika og hlutlægni að leiðarljósi.

Váttryggingafélag skal halda sérstaka skrá yfir þær eignir sem notaðar eru til að jafna þá váttryggingaskuld sem reiknuð er og ávöxtuð

10. mgr. 161 .gr.

Slitameðferð váttryggingafélags.

~~Váttryggingafélag skal halda sérstaka skrá yfir þær eignir sem notaðar eru til að jafna þá váttryggingaskuld sem reiknuð er og ávöxtuð.~~ Samsetningu þeirra eigna sem færðar eru í sérstaka skrá, skv. 5. mgr. 75. gr., ~~slíka skrá~~ þegar slitameðferð hefst skal ekki breytt eftir það og ekki skal færa neinar breytingar í skrána aðrar en leiðréttingar á augljósum ritvillum nema með leyfi Fjármálaeftirlitsins. Eigi að síður skal slitastjórn leggja ávöxtun tédra eigna við þær sem og virði hreinna iðgjalda sem móttækin eru í tengslum við þá

tilteknu váttryggingagrein, frá því slitameðferð hefst og þar til váttryggingakröfur eru greiddar eða þar til váttryggingastofn hefur verið fluttur. Ef afraksturinn af sölu eigna er minni en virði þeirra, eins og það er metið í skránni, skal slitastjórn gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir því með rökstuðningi.

169. gr. Sektir eða fangelsi

9. gr. frumvarpsins fjallar um kröfur um góða viðskiptahætti. Þar segir í 1 og 2. mgr. :

Váttryggingastarfsemi og heimil hliðarstarfsemi skv. 5. gr. laganna skal rekin í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í váttryggingaviðskiptum og með hag váttryggingartaka og váttryggðra fyrir augum. Váttryggingafélag skal fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í því skyni skal váttryggingafélagið m.a. birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækisins í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu og gera grein fyrir stjórnarháttum sínum á vef félagsins og birta þar yfirlýsingu um stjórnarhætti sína.

Samkvæmt 1. og 2. tl. 1. mgr. 169. gr. frumvarpsins varðar brot á 1. og 2. mgr. 9. gr. sektum og fangelsi allt að 2 árum.

Samkvæmt 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands og 1. mgr. 7. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu þarf verknáðarlýsing í refsilögum að vera með þeim hætti að venjulegur einstaklingur geti, með því einu að lesa viðkomandi lagaákvæði, gert sér grein fyrir hvaða háttsemi geti bakað honum refsíabyrgð. Ákvæði 1. mgr. 169. gr. stenst ekki þessar kröfur stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands og Mannréttindasáttmála Evrópu. SFF leggja eindregið til að ákvæðið verði látið niður falla og gætt verði sérstaklega að skýrleika refsíákvæða í íslenskri löggjöf.

174. gr. Gildistaka

Samkvæmt 174. gr. frumvarpsins eiga ný lög að taka gildi 1. mars 2016 og um leið falla úr gildi núgildandi lög nr. 56/2010. Málið er hins vegar enn í meðförum þingsins 22. febrúar og óljóst er hvenær efnislegri meðferð þingsins um málið mun ljúka og hvenær löginn verða samþykkt. Eins og áður hefur komið fram er hér um að ræða heildarendurskoðun á rekstrarumhverfi váttryggingafélaga sem felur í sér miklar og flóknar grundvallarbreytingar fyrir váttryggingafélög. SFF gera því athugasemdir við það hversu lítill tími váttryggingafélögum er gefinn til undirbúnings til að byrja að starfa eftir nýjum lögum eftir að þau eru samþykkt á Alþingi. Þó breytingarnar hafa legið í loftinu í nokkurn tíma hefði verið eðlilegt að gefa aðlögunartíma í ljósi umfangs þeirra breytinga sem eru framundan. Þá er mikilvægt að hafa í huga að samhliða lögunum er stór og efnismikil reglugerð sem á eftir að taka gildi. Reglugerðin er óaðskiljanlegur hluti laganna en hún mun ekki vera tilbúin þegar löginn taka gildi. Mikilvægt er að vanda til verka við lagasetningu og að Alþingi gefist nægilegur tími til að fjalla um og kynna sér svo ítarleg og tæknilega flókna löggjöf áður en þingið samþykkir lagabreytingarnar.

Innleiðing tilskipunarinnar

Við rýni á tilskipuninni vöknudu spurningar um hvort ekki þyrfti að færa tiltekin ákvæði tilskipunarinnar inn í frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi þar sem ekki verður séð að þau séu til staðar í lögum eða reglugerðum í dag. Hér á eftir er stutt yfirlit um þá kafla og/eða ákvæði sem vangaveltur eru um.

7. kafli tilskipunarinnar um eftirlit ekki innleiddur.

Almennu ákvæði 27. – 30. gr. tilskipunarinnar eru ekki innleidd í frumvarpinu. Fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið varðandi þennan kafla að nefndin hafi tekið þá afstöðu að hafa ekki sambærileg ákvæði í frumvarpinu þar sem um stefnumarkandi ákvæði væru að ræða fyrir Fjármálaeftirlitið. Rétt er að taka upp einhver ákvæði þessara greina því hagsmunaaðilar, s.s. váttryggingafélög eða váttryggingatakar, gætu þurft, vegna réttarstöðu þeirra, að vísa til þessara ákvæða í tengslum við eftirlitsstarfsemi Fjármálaeftirlitsins. T.d. ákvæði 1. mgr. 29. gr. tilskipunarinnar um að eftirlitið skuli að vera „risk-based“, að meginmarkmið eftirlitsins sé vernd váttryggingartaka og réttihafa (27. gr.) og að Fjármálaeftirlitið skuli íhuga hvaða afleiðingar ákvarðanir þess geta haft á fjármálastöðugleika, sérstaklega þegar um er að ræða neyðaraðstæður (28. gr.). Að mati SFF er ekki nægilegt að vísa til almennra laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Svo virðist sem mörg ákvæði sem varða starfsemi Fjármálaeftirlitsins hafi ekki ratað inn í frumvarpið en er þó mjög mikilvægt að séu innleidd, bæði fyrir Fjármálaeftirlitið sjálft og aðra hagsmunaaðila.

15. kafli um gjaldþol

Ákvæði 90. og 91. gr. tilskipunar um Solvency II eru ekki innleidd að fullu í frumvarpinu heldur virðist vera treyst á reglugerðarheimild ráðherra í 95. gr. frumvarpsins. Talið er heppilegra að innleiða allan texta tilskipunarinnar inn í frumvarpið, einkum til að gæta samræmis og til þess að lagastöð sé örugglega yfir ákvæði reglugerðar um sama efni. Ákvæði 90. gr. tilskipunarinnar fjalla um samþykki eftirlitsstjórnvalda (Fjármálaeftirlitsins) vegna stuðningsgjaldþolsliða. Rétt er að slíkt ákvæði sé í lögum enda á ákvæðið sér ekki samsvörun í reglugerð um Solvency II, t.d. 2. og 3. mgr. 90. gr. tilskipunarinnar. Þannig yrði innleiðingin röng að mati SFF.

Ákvæði 94. gr. frumvarpsins á að innleiða 98. gr. tilskipunarinnar en gerir það ekki með fullum hætti. Af einhverjum ástæðum er sumum hlutum 98. gr. tilskipunarinnar sleppt í frumvarpinu, s.s. um hlutfallskröfur í 1. og 2. mgr. 98. gr. tilskipunarinnar. Í 94. gr. frumvarpsins er talað um hæft gjaldþol en í 95. og 98. gr. er talað um viðurkennda gjaldþolsliði (e. eligible own funds). Er um ólíka hluti að ræða?

16. kafli um gjaldþolskröfu.

Ákvæði 104. gr. tilskipunarinnar er einungis að hluta til innleidd með 100. gr. frumvarpsins og nokkrum málsgreinum sleppt, t.a.m. 3., 5, 6. og 7. mgr. 104 gr. tilskipunarinnar.

Ákvæði í 105. – 109. gr. tilskipunarinnar eru ekki innleidd í frumvarpinu. Um er að ræða eitt af grundvallaratriðum frumvarpsins, þ.e. útreikningur á grunn gjaldþolskröfu. Rétt þykir að það sé sett í lög en ekki einungis haft í reglugerð. Ekki er að sjá að þessi ákvæði séu öll að finna í reglugerðinni.

18. kafli um fjárfestingar.

Ákvæði 133. og 134. gr. tilskipunarinnar eru ekki innleidd. Í 133. gr. er fjallað um frelsi váttryggingafélaga til fjárfestinga þegar ekki er um fjárfestingar að ræða sem tengjast því að eiga fjármagn vegna tryggingaskuldbindinga. Grein nr. 134. snýst um að ekki skuli sett höft á hvar eignir sem ætlaðar eru vegna tryggingaskuldbindinga séu staðsettar landfræðilega.

Sólarlagsákvæði

Tryggja bera að öll sólarlagsákvæði tilskipunarinnar skili sér inn í frumvarpið, svo sem 9. og 10. mgr. 380. gr. b. tilskipunarinnar.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Vigdís Halldórsdóttir, lögfræðingur

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 4. mars 2016

Varðar: Frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi, 396. mál

Eftirfarandi er tillaga SFF að breytingu á lokamálslið 3. mgr. 42. gr. í samræmi við það sem fram kom á fundi efnahags- og viðskiptanefndar, 2. mars sl.

Eins og fram kemur í umsögn SFF þá telja samtökin að lokamálsliður 3. mgr. 42. gr. takmarki verulegu möguleika váttryggingafélaga til að finna hæfa aðila í stjórn sem uppfylla bæði almenn og sérstök hæfisskilyrði og hætta er á að minna hæfir aðilar veljist í stjórn. Starfsemi skaðatryggingafélaga og líftryggingafélaga er nán hér á landi og það er móðurfélagið (skaðatryggingafélagið) sem sinnir hinni daglegu starfsemi dótturfélagsins (líftryggingafélagsins), og þeir sem þar sinna hinni daglegu starfsemi hafa til þess fulla burði til að sitja í stjórn dótturfélagsins. Á fundi nefndarinnar lögðu SFF til að gerð yrði breyting á málsliðnum sem miðar að því meirihluti stjórnarmanna skuli ávallt vera skipaður öðrum en stjórnarmönnum félaga innan sömu samstæðu. Samkvæmt þessari breytingartillögu þá mun möguleiki váttryggingafélaga á að finna hæfa einstaklinga í stjórn váttryggingafélaga aukst verulega en þó er komið í veg fyrir svokallaða krossstjórnarsetu og að meirihluti stjórnar félaga innan sömu samstæðu séu skipaðar sömu stjórnarmönnum. Samkvæmt framangreindu leggja SFF til eftirfarandi breytingu á lokamálslið 3. mgr. 42. gr. frumvarpsins:

Meiri hluti stjórnarmanna skal þó ávallt vera skipaður öðrum en stjórnarmönnum ~~óháður~~ ~~félagum~~ innan sömu félagasamstæðu.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja

Vigdís Halldórsdóttir, lögfræðingur



16. febrúar 2015
1601236

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingarstarfsemi


Með tölvupósti þann 28. janúar 2016 óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um váttryggingarstarfsemi, 396. mál. Tilgangur frumvarpsins er innleiðing á tilskipunum Evrópusambandsins 2009/138/EB og 2014/51/ESB um stofnun og starfrækslu váttryggingafélaga, með síðari breytingum. Tilskipanirnar er í daglegu tali nefnd „Solvency II“. Verði frumvarpið að lögum munu þau leysa af hólmi lög nr. 56/2010 um váttryggingarstarfsemi.

Seðlabankinn mælir með að frumvarp þetta verði samþykkt þó það snerti viðfangsefni Seðlabankans aðeins með óbeinum hætti, en vill vekja athygli á eftirfarandi.

Í 5. gr. er fjallað um leyfilega hliðarstarfsemi. Þar kemur fram að tryggingarfélagi er heimilt að byggja, eiga og reka fasteignir og að veita útlán samkvæmt reglum sem stjórn setur. Þarna getur myndast áhætta sem vel þarf að fylgjast með enda getur þátttaka tryggingafélaga í lánastarfsemi ýtt undir útlánavöxt í hagkerfinu, hækkandi eignaverð og þar með kerfisáhættu. Væntir Seðlabankinn þess að ítarlega verði kveðið á um áhættumat á hliðarstarfsemi tryggingarfélaga í einni af þeim fjölmörgu reglugerðum sem boðaðar eru í frumvarpinu. Samkvæmt 50. gr. á ráðherra setja reglugerð sem útfærir frekar kröfur um áhættustýringu og samkvæmt 45. gr. setur Fjármálaeftirlitið nánari reglur um framkvæmd eigin áhættu- og gjaldþolsmats. Jafnframt gæti verið komið inn á þetta atriði í öðrum reglugerðum sem boðaðar eru í frumvarpinu. Seðlabankinn mun fylgja eftir þessari athugasemd sinni þegar þessar reglugerðir liggja fyrir og mælir með því að allar heimildir í tilskipunum til takmörkunar á lánastarfsemi tryggingarfélaga verði nýttar að fullu.

Virðingarfyllt,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri


Sigríður Benedíksdóttir
framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. febrúar 2016

Efni: Frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi (396. mál)

Með frumvarpinu er áformað að setja ný heildarlög um váttryggingastarfsemi í stað núgildandi laga nr. 56/2010. Þannig yrðu leiddar í lög reglur tilskipunar 2009/138/ESB um stofnun og starfrækslu váttryggingafélaga, sem nefnd hefur verið Solvency II tilskipunin. Byggir frumvarpið einnig á ákvæðum tilskipunar 2014/51/ESB, svokallaðri Omnibus tilskipun, sem felur í sér nánari útfærslu á ákvæðum Solvency II tilskipunarinnar.

Drög að frumvarpi þessu voru birt á vefsíðu fjármála- og efnahagsráðuneytisins þann 27. ágúst 2015 og skilaði Viðskiptaráð umsögn um frumvarpsdrögin.¹ Frá því að drögin voru birt hefur frumvarpið tekið jákvæðum breytingum. Fagnar ráðið því að stjórnvöld skuli í auknum mæli sækjast eftir umsögnum um drög að lagafrumvörpum. Sú aðferðafræði styrkir lagasetningarferlið og dregur úr líkum þess að ný löggjöf sé innleidd án þess að fullnægjandi tækifæri til athugasemda séu veitt.

Séríslensk ákvæði skerða samkeppnishæfni íslenskra félaga


Að mati Viðskiptaráðs ætti löggjöf hér á landi að vera í samræmi við löggjöf á Evrópska efnahagssvæðinu eftir því sem mögulegt er. Því ætti ekki að innleiða regluverk héraðs með meira íþyngjandi hætti en nauðsyn krefur til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Þegar til stendur að lögfesta reglur sem ekki eru í samræmi við það sem gerist annars staðar er mikilvægt að fullnægjandi rök standi að baki slíkum reglum. Í fyrirliggjandi frumvarpi má hins vegar enn finna ákvæði sem ekki er kveðið á um í tilskipun 2009/138/ESB án þess að það sé rökstutt með fullnægjandi hætti í greinargerð.

¹ Umsögn Viðskiptaráðs er frá 21. október 2015 og má nálgast á eftirfarandi slóð:
<http://vi.is/malefnastarf/umsagnir/reglur-um-vatryggingastarfsemi-ithyngjandi/>

Þannig má finna áskilnað sem gerður er í lokamálslið 3. mgr. 42. gr. þess efnis að meirihluti stjórnarmanna skuli ávallt vera óháður félögum innan sömu félagasamstæðu. Viðskiptaráð telur ekki rétt að hér á landi séu gerðar sérstakar kröfur sem takmarka möguleika einstaklinga til stjórnarsetu í váttryggingafélögum ef ekki er kveðið á um þær í tilskipuninni.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði endurskoðað með tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllt,



Margrét Berg Sverrisdóttir, lögfræðingur